

Þriðjudaginn 26. mars 1991.

Nr. 323/1990: **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Ólafi Þór Þórhallssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Upptaka. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða áfrýjað héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1990. Jafnframt var dóminum, að því er varðar ákærða, áfrýjað af hálfu ákærvaldsins til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu, en staðfestingar á ákvæðum um upptöku. Tveir menn, sem saksóttir voru ásamt ákærða, óskuðu ekki áfrýjunar.

Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins. Til vara krefst hann þess, að refsing verði milduð og jafnframt skilorðsbundin að öllu eða hluta.

I.

Mál þetta er risið af innflutningi á tæplega 1 kg af kókaíni, til-
tölulega hreinu efni, og meðhöndlun þess og dreifingu hér á landi. Var efnið keypt í einu lagi í Bandaríkjunum um mánaðamótin október/nóvember 1988 og flutt í varahjólbarða bifreiðar, sem þar var keypt á sama tíma og kom til landsins með skipi þremur vikum síðar. Upp komst um þessi viðskipti í byrjun maímánaðar 1989, eftir að lögregla varð vör við dreifingu á kókaíni, sem rakið varð til ákærða X. Við þá rannsókn, sem á eftir fór, fundust alls 413,9 g af efninu, þar af 337,5 g í geymsluhólfi í banka hér í borg. Um afdrif þess efnis, sem ekki kom fram, er nokkur óvissa, en ljóst er, að meiri hluta þess var dreift með sölu á vegum þeirra, er hlut áttu að innflutningnum. Atvik að málinu eru ýtarlega rakin í héraðsdómi.

Ákærði Ólafur Þór hefur neitað sakargiftum í málinu og synjað fyrir alla aðild að þessum fíkniefnaviðskiptum eða vitneskju um þau. Hann hefur staðfest kunningsskap sinn við þá X og Y, er sak-sóttir voru ásamt honum, en hann er vinur þeirra beggja frá bernskuárum. Hann hefur og skýrt frá stofnun og starfsemi Bíla-leigu GÓ, sem hann starfrækti með X sumarið 1988. Hann hefur staðfest afhendingu á fjármunum úr rekstri bílaleigunnar til X daginn, sem hinn síðarnefndi fór í ferð þá til Bandaríkjanna, er nýtt var til innkaupa á efninu. Ákærði viðurkennir einnig að hafa aðstoðað Y við að koma peningum til X, meðan á ferðinni stóð, eins og nánar er rakið í héraðsdómi.

Ákærði Ólafur Þór hefur sömuleiðis greint frá því, að hann hafi hitt X í hádeginu daginn, sem hinn síðarnefndi leysti úr tolli bifreið-ina, er efnið var falið í. Var þetta í nánd við bifreiðaverkstæði í Kópavogi, sem var vinnustaður X. Við frumrannsókn hjá lögreglu skýrði ákærði einnig svo frá, að hann hefði hitt X á verkstæðinu að kvöldi sama dags, eftir að bifreiðin var þangað komin. Hefði faðir Y, annar eigandi bifreiðarinnar, þá einnig komið á verk-stæðið. Fyrir dómi hefur ákærði hins vegar borið með stuðningi vitna úr hópi tengdafólks síns, að hann hafi verið staddur annars staðar þetta kvöld, auk þess sem hann hefur ávallt neitað því, að heimsóknin á verkstæðið hafi verið vegna annars en bifreiðarinnar sjálfrar. Faðir Y og vitnið S, hálfbróðir ákærða X, segjast hvor um sig hafa hitt ákærða á verkstæðinu um kvöldið.

II.

Ákærði Ólafur Þór skýrir fyrrgreindar athafnir sínar með öðru en því, að þær tengist fíkniefnaviðskiptum. Gögn málsins gefa þó eindregið til kynna, að svo hafi verið. Þeir X og Y hafa greint frá málavöxtum hvor frá sinni hlið, en þeir voru yfirheyrðir hvor í sínu lagi, meðan rannsókn var á frumstigi. Ber frásögnum þeirra saman um meginatriði málsins, eftir því sem aðild þeirra nær til, þar á meðal um þátt ákærða Ólafs Þórs. Jafnframt koma þær að mestu heim við þær upplýsingar, sem fengist hafa með öflun beinna sönnunargagna og skýrslna frá aðilum, sem komu við sögu í málinu eða urðu vitni að einstökum atburðum þess. Með gögnum þessum er sannað, að ákærði átti aðild að viðskiptunum allt frá upphafi og skipulagði kaupin á efninu með X ásamt því að fá Y til þátttöku

í þeim. Hann tók síðan við efninu ásamt X, þegar bifreiðin var komin til landsins, 970 grömmum, á bifreiðaverkstæðinu hinn 22. nóvember 1988. Frásagnir fyrir dómi um dvöl ákærða annars staðar það kvöld þykja ekki marktækar í ljósi annarra gagna.

Um síðari atburði er það einnig sannað, að ákærði stóð að því að koma efninu í geymslu á heimili X og ákvarða þeim tveimur sameiginlegan hlut í því, 730 g, sem þeir vógu og skömmtuðu í pakka til söludreifingar, jafnframt því að afhenda Y hlut hans í efninu, 206-208 g. Stóð ákærði síðan sjálfur fyrir dreifingu á hluta hans og X á tímabilinu desember 1988 - apríl 1989 og seldi af honum verulegt magn, allt að 250 g, þar á meðal fyrir milligöngu vitnisins J, en þáttur J í málinu er rakinn í héraðsdómi. Viðurkennt er af hálfu X, að ákærði hafi afhent honum á þessu tímabili að minnsta kosti 400.000 krónur sem andvirði af þessari sölu. Þykir mega leggja til grundvallar, að hlutur hans sjálfs af andvirðinu hafi ekki verið minni en því nemur. Loks var ákærði með í ráðum, þegar hluta af efninu var komið í geymslu í bankahólf í aprílmánuði 1989, og ræddi við vitnið S um meðferð þess hluta, eftir að X var handtekinn.

III.

Samkvæmt því, sem fyrr var rakið, er ákærði Ólafur Þór sannur að sök um þann verknað, sem lýst er í ákæru á hendur honum, að gerðum þeim athugasemdum um afhendingu peninga og efnismagn, sem greindar eru í héraðsdómi. Er ljóst, að hann hafi sam-mælst um það við X annars vegar og Y hins vegar að kaupa kókaín-efnið og flytja það til landsins með þeim hætti, sem lýst er í ákæru, til sölu og neyslu hér á landi. Viðskiptin áttu sér allangan aðdraganda. Þeir X og Y staðfesta báðir, að ákærði hafi rætt við þá hvorn í sínu lagi um möguleg fíkniefnakaup. Átti ákærði Ólafur Þór úrslitabátt í að skipuleggja verknaðinn og tengja saman hlutverk þeirra X og Y, sem kveðast ekki hafa vitað með vissu hvor af annars aðild á þeim tíma. Var ákærði frumkvöðull að verknaðinum í þessum skilningi, þótt ekki sé þar með fullyrt, að hann hafi verið upphafsmaður að honum. Ekki verður talið sannað, að bílaleiga þeirra ákærða og X hafi verið stofnuð gagngert til þess að afla fjár til fíkniefnakaupanna, en ljóst er, að miklum hluta teknanna af starf-rækslu hennar var haldið til haga í þessu skyni.

Brot ákærða Ólafs Þórs varðar við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974. Er það rétt niðurstaða héraðsdómara, að líta verði á verknað ákærða sem eina brotaheild.

Við ákvörðun refsingar ber að hafa það í huga, að ákærði hefur ekki áður komið við sögu fíkniefnamála eða orðið brotlegur við almenn hegningarlög. Brotið var framið í hagnaðarskyni og af einbeittum vilja, og um var að ræða mikið magn af hættulegu fíkniefni. Brotið var skipulagt með ærinni fyrirhöfn, en hagnaður af því varð minni en vonir þátttakenda stóðu til. Enda þótt brotið yrði fyrst uppvíst eftir allangan tíma, var það minna en helmingur efnisins, sem þeir höfðu þá náð að dreifa. Sem fyrr segir, hefur ákærði jafnan neitað sök.

Að öllu athuguðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 4 ára fangelsi. Þar til frádráttar kemur 210 daga vistun hans í gæsluvarðhaldi vegna málsins.

Í ákæruskjali er gerð krafa til þess á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, að ákærði Ólafur Þór sæti upptöku á bifreiðinni R-49061, Ford Fiesta fólksbifreið, sem hann er talinn hafa keypt af G haustið 1988 og nú er í vörslum lögreglunnar í Reykjavík. Ágreiningslaust er milli þeirra G, að ákærði hafi haft umráð bifreiðarinnar frá því í október þetta ár, en ákærði kveðst einungis hafa haft hana að láni. Telja má sannað, eins og gert er í héraðsdómi, að ákærði hafi greitt G 360.000 krónur vegna bifreiðarinnar fyrir árslok 1988, í þrennu lagi. Bifreiðin er þó enn skrásett eign G, og beinum gögnum um meint eigendaskipti að henni er ekki til að dreifa. Hvorugur þeirra Ólafs Þórs gerir tilkall til bifreiðarinnar. Ekki er nægilega sannað, að fé það, er ákærði lagði til bifreiðarinnar, hafi verið fengið með sölu á fíkniefninu. Með tilliti til þessa og atvika að öðru leyti þykja ekki skilyrði til að gera bifreiðina upptæka sem jafnvirði hagnaðar af broti samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. Hins vegar er rétt að gera ákærða fésekt jafnframt refsivist hans með tilliti til fjárvinnings af brotinu samkvæmt 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga. Telst sektin hæfilega ákveðin 150.000 krónur, er renni í ríkissjóð. Komi 50 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til þess ásamt ákærða X að sæta upptöku á

samtals 413,9 g af kókaíni, sem hald var á lagt við rannsókn málsins, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni.

Pá ber og að dæma ákærða til að sæta upptöku á lóðavog, sem lögregla lagði hald á og sýnt þykir, að notuð hafi verið við meðhöndlun fíkniefnisins, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði, að því er ákærða varðar.

Gera ber ákærða að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og greint er í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Þór Þórhallsson, sæti fangelsi 4 ár. Til frádráttar þeirri refsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða í 210 daga.

Ákærði greiði 150.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 50 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sæti upptöku til eyðingar á 413,9 g af kókaíni, sem hald var lagt á af lögreglu.

Ákærði sæti upptöku til ríkissjóðs á lóðavog, sem nú er í vörslum lögreglu og merkt nr. 731 á munaskrá.

Hafnað er kröfu ákærvalds um upptöku til ríkissjóðs á bifreiðinni R-49061, Ford Fiesta, árgerð 1987, með fastanúmeri JÖ-015.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. júní 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 5. júní, er á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinsyni setu-

dómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 729-731/1989: Ákærvaldið gegn Ólafi Þór Þórhallssyni, X og Y, sem dómtekið var 28. fyrra mánaðar.

Málið er höfðað á hendur „Ólafi Þór Þórhallssyni, Suðurgötu 71, Reykjavík, kennitala 170264-2669, X og Y, öllum fyrir brot gegn löggjöf um ávana- og fíkniefni, og ákærða Y enn fremur fyrir skjalafals, með því að hafa haustið 1988 í ágóðaskyni staðið saman að innflutningi á kókaíni hingað til lands, allir átt þátt í skipulagningu brotsins og allir lagt fram fé til kaupa á efninu í Bandaríkjunum og dreift því hér á landi, svo sem rakið er:

I. Ákærði Ólafur Þór.

Ákærða er gefið að sök að hafa verið frumkvöðull í að skipuleggja öflun kókaínsins og flutning þess hingað til lands og fyrir för meðákærða X til Bandaríkjanna 12. október 1988 afhent honum sameiginlegt fé þeirra, 8000 Bandaríkjadali, en þar var um að ræða tekjur fyrirtækis þeirra, Bilaleigu GÓ, sem þeir stofnuðu og ráku sumarið 1988 gagnert til að afla fjár til fíkniefnakaupa, og 23. október sent meðákærða X að auki 5000 Bandaríkjadali til kaupanna, þar með talið framlag meðákærða Y, — hinn 22. nóvember á bifreiðaverkstæði í Kópavogi ásamt meðákærða X losað 970 g af kókaíni úr bifreið og afhent það S til flutnings heim til meðákærða X, sem hafði keypt bæði kókaínið og bifreiðina í Bandaríkjunum, falið efnið í bifreiðinni og sent hana hingað til lands, allt samkvæmt ráðagerðum ákærðu, — nokkrum dögum síðar ásamt meðákærða X vegið kókaínið á heimili sínu, ákveðið, að í hlut þeirra kæmu 730 g (365 g í hlut hvors), skipt því efnismagni í pakkningar til sölundreifingar, og flutti X það síðan heim til sín, — haldið eftir 240 g og um mánaðamót nóvember/desember afhent meðákærða Y hans efnishlut til ráðstöfunar, 206-208 g, að í Reykjavík, — á tímabilinu frá fyrri hluta desember 1988 og fram í miðjan apríl 1989 margsinnis sótt skammta af efninu heim til meðákærða X, samtals allt að um 250 g, sem ákærði og X áttu að jöfnu, og selt það að óvissu magni, m.a. samtals 70 g fyrir milligöngu J, á kr. 8.000 hvert gramm, en ákærði afhenti J efnið í fjórum skömmtum á tímabilinu frá seinni hluta janúar til seinni hluta febrúar 1989, — á tímabilinu frá seinni hluta desember 1988 og fram í febrúar 1989 í nokkur skipti afhent meðákærða X fé, sem ákærði aflaði með sölu á efninu, samtals um kr. 400.000-500.000, verið með í ráðum um, að leigt var geymsluhólf í Breiðholts-útibúi Landsbanka Íslands um miðjan apríl 1989 og að meðákærði X setti í það um 437 g af kókaíninu, sbr. II. lið.

Framangreind brot ákærðu Ólafs Þórs og X og brot ákærða Y í lið III,1 teljast varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög

nr. 64, 1974. Brot ákærða Y í lið III,2 telst varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

V. Dómkröfur.

1) Að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar.

2) Að ákærðu Ólafur Þór og X sæti upptöku samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, á samtals 413,9 g af kókaíni, sem lagt var hald á, sbr. II. lið.

3) Að ákærði Ólafur Þór sæti upptöku samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. hegningarlaganna og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, á bifreiðinni R-49061 af gerðinni Ford Fiesta, árgerð 1987, með föstu númeri JÖ-015, sem ákærði keypti seint á árinu 1988 af G fyrir kr. 360.000 og varði til kaupanna fé, sem hann aflaði með kókaínsölu, en lagt var hald á bifreiðina 5. júlí 1989.

4) Að ákærði Ólafur Þór sæti upptöku samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986, á lóðavog, sem lagt var hald á og ákærði notaði til að veða kókaín.

5) Að ákærði X sæti upptöku samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. hegningarlaganna og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, á kr. 30.000 og á þremur ódagsettum ávisunum, nr. 3120198, að fjárhæð kr. 80.000, nr. 3184952, að fjárhæð kr. 80.000, og nr. 3184955, að fjárhæð kr. 100.000, öllum á tékka-reikning nr. 8570 við Sparisjóð vélstjóra og útgefnum af H, en alls þessa aflaði ákærði með framangreindri sölu á kókaíni til nefnds H, sbr. II. lið“.

Munnlegur málf lutningur fór fram 28. maí sl. Verjandi ákærða Ólafs Þórs Þórhallssonar gerði þá eftirfarandi dómkröfur: aðallega, að ákærði verði algerlega sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að ákærða verði eingöngu gerð vægasta refsing, sem lög frekast standa til, og að tildæmd refsing verði skilorðsbundin að öllu leyti eða að hluta til. Til frádráttar komi að fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærða í máli þessu frá og með 12. maí 1989 til og með 7. desember 1989.

Verjandi ákærða X gerði þessar dómkröfur: að dæmd verði vægasta refsing, er lög leyfa, og ef refsingin verði skilorðsbundin og ef dæmd verði refsivist, að gæsluvarðhaldsvist ákærða komi til frádráttar.

Verjandi ákærða Y gerði eftirfarandi dómkröfur: að dæmd verði vægasta refsing, er lög leyfa, og að refsing verði skilorðsbundin að hluta og að gæsluvarðhald ákærða komi til frádráttar refsivist, ef dæmd verður.

Allir verjendurnir kröfðust málsvarnarlauna að mati réttarins.

Málsatvik.

I.-III.

Málsatvik verða nú rakin sameiginlega varðandi þessa þrjá kafla ákær-unnar.

Ákærði Ólafur Þór Þórhallsson hefur staðfastlega neitað sakargiftum. Vikið verður að framburði ákærða Ólafs Þórs síðar.

Ákærði X var yfirheyrður fyrir dómnum 10. apríl sl., og kvað hann ákæruskjalið vera rétt sig varðandi. Ákærði lýsti þá þeirri hugmynd sinni og meðákærða Ólafs Þórs að flytja til landsins fíkniefni frá Bandaríkjunum í gróða- og söluskyni. Ákærði kvað þetta fyrst hafa komið til tals milli þeirra félaga í janúar 1988. Ákærði kvað þá félaga hafa stofnað Bílaleigu GÓ í júní 1988, og hafi bílaleigan verið stofnuð gagngert í þeim tilgangi að afla fjár til fíkniefnakaupa í Bandaríkjunum. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór að öllu leyti hafa annast fjárreiður bílaleigunnar, og hafi hann tekið til hliðar erlendan gjaldeyri, er aflað var með rekstrinum, en það fé hafi verið ætlað til fíkniefnakaupanna. Ákærði lýsti síðan hér fyrir dómnum 15. maí sl., að þeir meðákærði Ólafur Þór hefðu ákveðið í sameiningu að láta prenta ótölusetta leigusamninga fyrir bílaleiguna í því skyni að geta skotið undan veltu bílaleigunnar til að geta síðan keypt fíkniefni.

Ákærði kvað þá félaga í fyrstu hafa ætlað að kaupa bifreið í Bandaríkjunum og síðan að flytja fíkniefnin til landsins falin í bifreiðinni. Ákærði kvað hafa verið fallið frá þessari fyrirætlun vegna kostnaðar, og þá hafi verið ákveðið að leita að þriðja manni, sem hefði hug á því að kaupa bifreið í Bandaríkjunum. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa tekið að sér að útvega þriðja manninn, en ákærði kvaðst hafa talið, að sá yrði einnig með fíkniefnakaupunum, en ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa annast samskiptin við þriðja manninn og verið fámáll um þau í eyru ákærða. Ákærði kvað síðan hafa verið ákveðið að flytja til landsins fíkniefni í bifreið, er ákærði ætlaði að kaupa fyrir meðákærða Y.

Ákærði X bar fyrir dómnum 15. maí sl., að meðákærði Ólafur hefði stungið upp á því, að rætt yrði við Þ í því skyni, að hann annaðist milligöngu um útvegum fíkniefna ytra. Fyrir dómnum 10. apríl sl. lýsti ákærði X síðan tveimur fundum sínum og Þ hér á landi, þar sem lögð voru á ráðin um kaup fíkniefna ytra og hvar og hvernig þeir ákærðu X og Þ ætluðu að hittast í Bandaríkjunum, en ákærði X kvaðst hafa gefið Þ upp væntanlegan dvalarstað í Bandaríkjunum. Ákærði X kvað þá meðákærða Ólaf Þór hafa ákveðið að kaupa marijúana í Bandaríkjunum, en í ljós hafi komið, að efnismagn og fyrirferð yrðu of mikil, og þeir meðákærði Ólafur þá ákveðið, að keypt yrði kókaín.

Ákærði X kvaðst síðan hafa haldið flugleiðis til Bandaríkjanna hinn 12. október 1988 ásamt B.

Ákærði kvaðst fyrir brottför 12. október hafa haldið á heimili meðákærða Ólafs Þórs ásamt hálf systur sinni, C, og hún verið vitni að því, er meðákærði Ólafur Þór afhenti ákærða 8.000 bandaríska dollara, og kvaðst ákærði hafa greint C frá því, að til stæði að nota féð í Bandaríkja-

ferðinni til skemmtana og uppihalds. Ákærði kvað V, sambýliskonu með ákærða Ólafs Þórs, einnig hafa verið vitni að peningaafhendingunni. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa sagt vera 9.000 USD í umslagi því, er afhent var á heimili meðákærða Ólafs fyrir brottför 12. október, en ákærði kvaðst síðan hafa talið féð á hótélherbergi ytra og féð þá reynst vera 8.000 USD, og hafi B verið vitni að því.

Ákærði lýsti ýtarlega hjá lögreglunni ferðum sínum um Bandaríkin og samskiptum sínum og Þ og því, hvernig efninu var að lokum komið fyrir í varadekki bifreiðarinnar. Ákærði hefur staðfest þennan framburð hér fyrir dómi.

Við dómsyfirheyrsluna 10. apríl sl. bar ákærði um kaup sín á bifreiðinni ytra, sama dag og ákærði kvað Þ hafa afhent sér 1 kg af kókaíni, en ákærði kvað Þ hafa aðstoðað sig við að koma efninu fyrir í varadekki bifreiðarinnar. Ákærði kvað efnið hafa kostað 18.500 USD. Ákærði kvað þá meðákærða Ólaf Þór hafa heyrt í fjölmiðlum hér á landi, að verðfall hefði orðið á kókaíni í Bandaríkjunum og hvert kg kostað 10.000 USD. Ákærði kvað Þ hafa haft orð á því, að efnið kostaði í allra mesta lagi 12.000 til 15.000 USD. Ákærði kvaðst ekki hafa verið viðstaddur, er kaup Þ fóru fram, og því í raun ekki geta sagt til um, hvað Þ greiddi fyrir efnið. Ákærði lýsti síðan ferð sinni til Norfolk, þar sem bifreiðinni var komið til flutnings hingað til lands.

Ákærði kvað 18.500 USD hafa verið þannig til komna, að 8.000 USD hefði ákærði fengið afhenta hjá meðákærða Ólafi Þór fyrir brottför, 5.000 USD hefði A flugþjónn afhent sér ytra, og það, sem upp á vantaði, kvaðst ákærði hafa tekið út af greiðslukortum sínum ytra. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa greint sér frá því, að 9.000 USD væru í umslagi því, er ákærði fékk afhent á heimili meðákærða Ólafs Þórs hinn 12. október 1988. Þá hefði meðákærði Ólafur Þór greint frá því, að þriðji maðurinn gæti ekki lagt fram nema 5.000 USD til efniskaupanna, en ekki 6.000 USD, eins og til stóð. Ákærði kvaðst hafa rætt þetta við meðákærða Ólaf Þór eftir heimkomuna og e.t.v. einnig símleiðis frá Bandaríkjunum, en ákærði kvaðst hafa hringt a.m.k. tvisvar í meðákærða, meðan á Bandaríkjaferðinni stóð. Ákærði kvað V, sambýliskonu meðákærða Ólafs Þórs, hafa svarað í símann í a.m.k. annað skiptið, en ákærði kvaðst hafa rætt málið við meðákærða Ólaf Þór í bæði skiptin.

Ákærði kvað meðákærða Y hafa verið á sjó, er bifreiðin kom til landsins, og kvaðst ákærði X hafa ekið henni úr tolli hinn 22. nóvember 1988. Ákærði kvaðst hafa boðist til að yfirfara bifreiðina á vinnustað sínum í Kópavogi, og þar hafi bifreiðin verið tekin inn á verkstæði um kvöldið. Ákærði kvaðst hafa hitt meðákærða Ólaf Þór í hádeginu þennan sama dag, en þá hafi meðákærði Ólafur Þór og V borðað hádegismat í Smiðjukaffi.

Ákærði kvað þau meðákærða Ólaf Þór og V hafa komið á vinnustað ákærða milli kl. 13 og 14 þennan dag og þau þá séð bifreiðina, er fikniefnin voru flutt inn í. Þeir meðákærði Ólafur Þór hafi þá mælt sér mót á verkstæðinu, vinnustað ákærða X, kl. 19 um kvöldið. Ákærði kvaðst hafa ekið bifreiðinni inn á verkstæðið um kl. 19 um kvöldið. Ákærði X kvað þá meðákærða Ólaf Þór hafa hjálpast að við að taka varadekkið undan bifreiðinni og síðan að fjarlægja fikniefnin úr hjólbarðanum. Ákærði kvað bróður sinn, S, fyrir tilviljun hafa komið á verkstæðið, er hér var komið sögu, og hafi hann séð, hvað fram fór, og vitað af því, að verið var að fjarlægja fikniefni úr bifreiðinni. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa hlaupið upp á loft á verkstæðinu, er S kom þar að, en þeir Ólafur hafi ekki vitað, hver þar var á ferð. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór síðan hafa afhent S fikniefnin, sem voru í tveimur plastpokum, vöfðum límbandi, og beðið S að flytja efnið á sameiginlegt heimili þeirra S hér í borg.

Ákærði kvað E hafa komið á verkstæðið skömmu síðar, og hafi meðákærði Ólafur Þór þá strax snúið sér að Lada-bifreið þar inni og hann þóst vera að gera við þá bifreið. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa verið með leðurhanska á höndum, er hann var inni á verkstæðinu um kvöldið. Ákærði kvað bifreiðina hafa verið uppi á lyftu, er E kom á verkstæðið, og varadekkið ekki enn verið komið undir bifreiðina. Ákærði kvaðst síðan hafa lokið frágangi bifreiðarinnar og ekið henni á heimili E í Árbæjarhverfi.

Ákærði kvað V hafa komið á verkstæðið, skömmu eftir að S var farinn, en áður en E kom á staðinn. Ákærði kvaðst ekki vita, hvert var erindi V á staðinn, en meðákærði Ólafur Þór hafi ekki verið hrifinn af komu V á staðinn. Ákærði kvað V hafa dvalist inni á skrifstofu verkstæðisins, meðan E dvaldist þar. V hafi haldið á brott stuttu eftir brottför E, og hið sama hafi átt við ákærða.

Ákærði kvað V hafa sótt sig á heimili E í Árbæjarhverfi, eftir að ákærði hafði ekið bifreiðinni þangað, og þau síðan sótt meðákærða Ólaf Þór í næstu götu, þar sem foreldrar meðákærða Ólafs Þórs búa. Þau þrjú hafi síðan haldið á heimili ákærða og þar öll athugað, hvort fikniefnunum hefði verið komið fyrir í frystihólfi ísskápsins, svo sem meðákærði Ólafur Þór hafði mælt fyrir um, og öll séð fikniefnin þar. Ákærði taldi S hafa verið þarna staddan, er gengið var úr skugga um, að fikniefnin væru í ísskápnnum.

Ákærði kvað fikniefnin hafa verið geymd þarna á heimili sínu fram að næstu helgi, en þá hefði ákærði flutt efnið á heimili meðákærða Ólafs Þórs og efnið þar verið vegið. Ákærði kvað efnið hafa reynst vera 970 g, og hefðu þeir meðákærði Ólafur Þór þannig átt saman 730 g eða 365 g hvor og meðákærði X 240 g, og hefði meðákærði Ólafur ætlað að afhenda 240

g, en hlutur þeirra meðákærða Ólafs Þórs síðan verið geymdur á heimili ákærða. Ákærði kvað þá meðákærða Ólaf Þór hafa ákveðið, að rýrnun efnisins skyldi koma niður á hlut meðákærða Y. Ákærði kvað efnið hafa verið vegið og sett í 10 og 20 g pakkningar, en ákærði kvað meðákærða Ólaf áður hafa útvegað græna plastpoka, er efnið var vegið í. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa verið með plasthanska á höndum, er efnið var vegið á heimili hans. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór oftast hafa haft plasthanska, er hann meðhöndlaði efnið, en ákærði kvaðst hafa keypt plasthanska í málningarvöruverslun og afhent meðákærða Ólafi Þór til afnota.

Ákærði kvað þá meðákærða Ólaf hafa samið um það, að meðákærði Ólafur Þór skyldi annast sölu efnisins, og hefðu þeir ákveðið að fá kr. 6.000 til 8.000 fyrir hvert gramm efnisins. Ákærði lýsti hjá lögreglu og fyrir dómnum, hvernig þeir meðákærði Ólafur Þór hefðu útbúið ákveðið kerfi, sem notað var, er þeir ræddu saman símleidis. Innihald þessa kerfis laut að því að sögn ákærða, að meðákærði Ólafur Þór hringdi á heimili ákærða og pantaði efni, en þeir þá talað saman símleidis eftir fyrir fram ákveðnu kerfi, sem laut bæði að efnismagni, er meðákærði Ólafur Þór hugðist sækja á heimili ákærða, svo og að því, hversu mikil íblöndun aðskotaefna skyldi vera í hvert sinn, en ákærði kvaðst ýmist hafa blandað efnið sjálfur eða í samvinnu við meðákærða Ólaf. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa komið í 10-15 skipti á heimili sitt frá því í desember 1988 og fram til enda febrúar 1989 og meðákærði Ólafur Þór þá verið að sækja fíkniefni. Ákærði kvað V oft hafa verið með í för, og þá hefði S oft verið heima, er efnið var sótt, og þau V og S vitað, hvað fram fór, er meðákærði Ólafur Þór fékk efnið afhent. Ákærði taldi sig hafa afhent meðákærða Ólafi Þór allt að 250 g af efninu frá fyrri hluta desember fram í miðjan apríl.

Ákærði kvað söluna hjá meðákærða Ólafi Þór hafa gengið treglega og skuldir innheimst illa. Ákærði kvaðst hafa tekið við um kr. 400.000 frá meðákærða Ólafi Þór, sem var hluti af söluandvirðinu. Ákærði kvaðst ávallt hafa tekið við reiðufé fyrir utan tvær ávísanir, en ákærði kvað þá félaga helst ekki hafa viljað ávísanavíðskipti, þar sem auðveldara væri að rekja slík víðskipti. Ákærði kvaðst hafa tekið til við að selja sjálfur af efninu, er salan gekk svo treglega hjá meðákærða Ólafi Þór, og kvaðst ákærði þannig hafa selt H alls 50 g af óblönduðu efni í þremur afhendingum í apríl 1989, og hefði hvert gramm verið selt á kr. 8.000. Auk sölunnar kvaðst ákærði hafa notað og gefið vinum og kunningjum nærri 30 g af efninu, en ákærði kvaðst m.a. hafa neytt efnisins ásamt meðákærða Ólafi Þór. Ákærði kvaðst hafa tekið við um kr. 100.000 frá H vegna fíkniefnasölnunnar.

Ákærði kvaðst hafa ákveðið, er hann hóf sölu efnisins sjálfur, að hætta

að geyma efnid á heimili sínu. Þá hefði meðákærði Ólafur Þór ekki heldur viljað geyma efnid, og hefðu þeir því ákveðið að taka á leigu bankahólf í Landsbanka Íslands í Mjódd. Ákærði kvað hvorugan þeirra félaga hafa viljað vera skráða sem leigutaka, og hefði ákærði þá fengið bróður sinn, S, til að taka hólfið á leigu, og hefði hann vitað, í hvaða tilgangi það var gert. Ákærði kvaðst síðan ásamt S, bróður sínum, hafa flutt nærri ½ kg af efninu í bankahólfið hinn 18. apríl 1989 eða deginum eftir að bankahólfð var tekið á leigu. Ákærði kvaðst síðan hafa sótt 100 g í bankahólfið hinn 28. apríl 1989 og selt þar af 20 g til H, en eftirstöðvarnar, er reyndust vera 76,3 g, hefði ákærði geymt í bifreið þeirri, er hann hafði til umráða, og kvaðst ákærði hafa greint meðákærða Ólafi Þór frá þessum felustað efnisins í bifreiðinni. Ákærði kvað þá meðákærða Ólaf Þór hafa haft hvorn sinn lykिलinn að bankahólfinu, og hefðu þeir samið um það, að efnid yrði sótt í bankahólfið, ef annar hvor þeirra yrði handtekinn. Samið hafði verið við S um, að hann léti meðákærða Ólaf Þór vita, ef ákærði yrði handtekinn, og átti meðákærði Ólafur Þór þá að sækja efnid í bankahólfið með S, en S komst þangað ekki, án þess að annar ákærðu væri með, þar sem þeir höfðu lykil, er gekk að hólfinu, en ekki S. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór ekki hafa staðið við sinn hluta samkomulagsins, en ákærði kvaðst hafa átt von á því, að hólfið væri tóm, er lögreglan leitaði í því hinn 11. maí 1989, en svo hefði ekki reynst vera.

Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa lagt áherslu á það, að hann stæði á milli ákærða og þriðja mannsins og að öll viðskipti færu um hendur meðákærða Ólafs Þórs. Ákærði hafði áður borið efnislega á sama veg hjá lögreglu og m.a. greint frá því, að aldrei hefði verið ætlunin, að ákærði vissi af þriðja aðilanum, og þriðji aðilinn ætti ekki að vita af ákærða. Ákærði kvaðst hafa sætt sig við þetta fyrirkomulag, en hafa séð eftir á, að spilað (sic) hefði verið með sig á ýmsan hátt, t.d. með því, að ákærði geymdi efnid á heimili sínu og flutti það til landsins, meðan meðákærði Ólafur Þór sat heima.

Ákærði Y var yfirheyrður fyrir dóminum 18. apríl sl., og kvað hann ákæruskjalið ekki vera rétt að öllu leyti sig varðandi, einkum varðandi undirbúning fíkniefnakaupanna.

Ákærði kvað fyrst hafa borist í tal milli sín og meðákærða Ólafs um verslunarmannahelgina 1988, að meðákærði Ólafur hefði hug á að flytja inn marihjúana til landsins frá Bandaríkjunum. Ákærði kvað þessi áform meðákærða Ólafs Þórs ekki hafa verið rædd frekar að sinni, og kvaðst ákærði hafa haldið í sumarfrí og síðar á sjóinn. Ákærði kvaðst síðan um haustið hafa hitt meðákærða Ólaf Þór. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór þá hafa greint sér frá því, að báðir meðákærðu hefðu þá ákveðið að flytja inn fíkniefni frá Bandaríkjunum. Ákærði kvað meðákærða Ólaf þá hafa

boðið sér að taka þátt í kaupunum gegn því, að ákærði heimilaði, að fikniefnin yrðu flutt til landsins í bifreið, er meðákærði Ólafur Þór vissi, að ákærði hafði hug á að kaupa í Bandaríkjunum. Ákærði kvaðst síðan hafa fundið kaupanda að bifreið þeirri, er ákærði hugðist selja, en við sölu bifreiðarinnar hefði komið í ljós, að á bifreiðinni hvíldi veðskuld, að fjárhæð rúmlega 100.000 krónur, sem ákærði kvaðst ekki hafa haft ráð á að greiða. Ákærði kvað þá meðákærða Ólaf Þór og V, sambýliskonu hans, hafa útvegað fé til að létta af veðskuldinni. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa veitt sér tveggja daga frest til þess að útvega eins mikinn gjaldeyri og ákærði gæti til fikniefnakaupanna ytra, en ákærði kvað, er hér var komið sögu, hafa verið ákveðið, að keypt yrði kókaín ytra. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað, hver annaðist milligöngu um kaup efnisins ytra, en kvað meðákærða Ólaf Þór hins vegar hafa sagt sér í upphafi, að meðákærði X ætlaði að annast kaupin ytra. Ákærði kvaðst hafa hitt meðákærða X sumarið 1988 og þá rætt við hann um það, að ákærði hefði hug á því að flytja bifreið frá Bandaríkjunum. Ákærði kvað meðákærða X þá hafa greint frá því, að hann hygðist heimsækja systur sína í Bandaríkjunum þá um haustið, og kvaðst ákærði þá hafa fært í tal við meðákærða X, hvort hann myndi vilja kaupa fyrir sig bifreið í ferðinni, og hefði meðákærði X fallist á það. Ákærði kvaðst síðan hafa hitt meðákærða X einu sinni á vinnustað hans og þá verið rætt um aukahluti í bifreiðina, en meðákærði Ólafur Þór hefði annast samskiptin við meðákærða X að öðru leyti, utan ákærði kvaðst tvívegis hafa rætt við meðákærða X simleiðis frá Bandaríkjunum vegna bifreiðarkaupanna.

Ákærði lýsti síðan aðstoð meðákærða Ólafs Þórs við gjaldeyrisóflun til fikniefnakaupanna. Ákærði kvaðst hafa lagt 3.890 USD til efniskaupanna. Ákærði kvaðst hafa aflað fjárins á þann hátt, að ákærði hefði tekið víxillán í Sparisjóði Hafnarfjarðar, að fjárhæð kr. 180.000. Hluti fjárins hefði verið vinnulaun, og þá hefði eiginkona ákærða keypt gjaldeyri, er ákærði sagðist ætla að nota til að kaupa útbúnað í bifreið þá, er keypt yrði ytra. Ákærði kvaðst síðan hafa keypt gjaldeyri í Iðnaðarbanka Íslands í Lækjargötu hin 21. október 1988 og þá framvísað farseðlum foreldra sinna og keypt 2.000 USD út á farseðil móður sinnar og 1.456 USD á farseðil föður síns. Ákærði kvaðst hafa fundið skotvopnaleyfi D, Reykjavík, í bilskúr á heimili foreldra ákærða, og kvaðst ákærði hafa notað það skirteini og falsað nafn D á gjaldeyrisumsóknirnar, og hefði D ekki vitað af þessu og ákærði aldrei greint honum frá því. Ákærði bar fyrir dóminum 15. maí sl., að meðákærði Ólafur Þór hefði verið ábekingur á víxli þeim, er að framan greinir, og að meðákærði Ólafur Þór hefði vitað, til hvers nota átti féð.

Ákærði lýsti síðan fyrir dóminum 18. apríl sl., er féð var afhent með-

ákærða Ólafi Þór á heimili hans, og hefði V, sambýliskona meðákærða Ólafs Þórs, farið afsíðis, meðan á afhendingu fjárens stóð. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa ætlað að sjá um að koma fénu í hendur meðákærða X, er þá var kominn til Bandaríkjana, en ákærði kvaðst ekki hafa vitað, hvernig féð átti að berast þangað, en síðar hafa frétt, að féð var sent með A flugþjóni.

Þá lýsti ákærði gjaldeyriskaupum vegna bílkaupanna. Ákærði kvaðst hafa ætlað sér að sækja um gjaldeyri í Seðlabanka Íslands, en frétt þar, að of langan tíma tæki að koma fénu í hendur meðákærða X, er staddur var í Bandaríkjunum. Ákærði kvaðst nú hafa snúið sér til meðákærða Ólafs Þórs, og hefði hann ætlað að kanna málið og í því sambandi snúið sér til R flugfreyju. Ákærði kvað hafa verið ákveðið að kaupa gjaldeyri í svokölluðu „money order“-formi og senda til Orlando í Flórída, þar sem meðákærði X var staddur, en ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa komist að því, að R var á leið þangað. Ákærði kvað gjaldeyrinn hafa verið keyptan í Landsbanka Íslands, Rofabæ 7, og hefði meðákærði Ólafur Þór komið með sér þangað og m.a. rætt við aðstoðarútíbússtjórnann og gjaldeyririnn verið afgreiddur eftir það. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa komið fram á þann hátt, er gjaldeyririnn var keyptur, að svo hefði litið út sem hann hefði af því nokkra áhyggjur, að ekki tækist að útvega gjaldeyri í tæka tíð.

Eftir kaup gjaldeyrissins kvað ákærði þá meðákærða Ólaf Þór hafa haldið akandi í Skeifuna, í hús Framtíðarinnar, er þar er, og þar hefði meðákærði Ólafur Þór afhent G, sanbýlismanni R flugfreyju, gjaldeyrinn, en hann hefði ætlað að koma fénu til R. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa ákveðið, að þeir félagar sæjust ekki saman, og því hefði meðákærði Ólafur Þór einn afhent G féð.

Ákærði kvaðst hafa frétt simleidis frá meðákærða Ólafi Þór, að allt hefði gengið vel, og síðan hefðu meðákærði X og faðir ákærða sótt bifreiðina í toll, og hefði bifreiðinni verið ekið á vinnustað meðákærða X undir því yfirsíni, að yfirfara og athuga þyrfti bifreiðina.

Ákærði kvað þá meðákærða Ólaf Þór hafa mælt sér mót á heimili ákærða, er eiginkona ákærða var að heiman, og hefði meðákærði Ólafur Þór þá komið og afhent ákærða hans hluta efnissins. Ákærði kvað meðákærði kvað hafa átt að nota til að greiða flugfar B svo og þeim aðila, pokum, þannig að tveir pokanna innihéldu 100 g hvor og einn poki innihélt 16 g, og hefði sá poki verið opnaður og úr honum tekin um 10 g, sem ákærði kvað hafa átt að nota til að greiða flugfar B, svo og þeim aðila, er annaðist milligöngu vegna kaupanna ytra, en ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór ekki hafa svarað því, hver sá aðili væri. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór síðan hafa komið aftur á heimili ákærða 1 eða 2 dögum síðar

og þá haft meðferðis vog og þeir í sameiningu vegið efnið og skipt í smærri pakkningar.

Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa haft hanska á höndum, er hann afhenti efnið, og síðan haft plasthanska, er þeir félagar vógu efnið í smærri pakkningar.

Ákærði kvaðst hafa fengið meira efni en hann hefði gert ráð fyrir. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór áður hafa greint sér frá því, að hvert kíló kókaíns kostaði 25-30.000 USD, og kvaðst ákærði því hafa álitid, að keypt yrðu 500 til 700 g, og kvaðst ákærði þannig hafa talið allt umfram 100 g í sinn hlut yrði hreinn ágóði.

Ákærði kvaðst hafa geymt efnið falið á heimili sínu fram undir jól 1988, en þá byrjað að selja efnið, eftir að hafa drýgt efnið um 10% með rotvarnarefni, er sett er á fisk, en ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa lánað sér vog í þessu sambandi. Ákærði kvaðst hafa selt nafngreindum manni 40 g í fjórum afhendingum á kr. 7.000 hvert g og hafa fengið greiddar kr. 210.000, en eiga útstandandi kr. 70.000. Ákærði kvaðst hafa selt vinum sínum og kunningjum 10 til 20 g að jafnaði á kr. 8.000 til kr. 8.500 hvert g. Ákærði kvaðst hafa notað mikið af efninu sjálfur og gefið vinum og kunningjum með sér. Þá kvaðst ákærði hafa sturtað (sic) niður 70 til 80 g, eftir að meðákærði Ólafur Þór greindi ákærða frá handtöku meðákærða X, en hafa geymt 20 til 30 g á heimili sínu, uns ákærði kvaðst einnig hafa fleygt því efni, er ákærði frétti af handtöku meðákærða Ólafs Þórs.

Ákærði kvaðst ekki vita, hvernig meðákærðu ráðstöfuðu sínum efnishluta, en einhverju sinni hafa spurt meðákærða Ólaf Þór að því, en engin svör fengið.

Ákærði kvað aldrei hafa verið fyrir fram ákveðið milli sín og meðákærða Ólafs Þórs, hvernig ákærðu skyldu haga framburði sínum, ef annar yrði handtekinn, og kvaðst ákærði hafa talið, að eftir að efnið væri komið í hendur hvers og eins, yrði það öðrum ákærðu óviðkomandi.

Ákærði lýsti því, að hann hefði verið orðinn mjög taugaspenntur kvöldið fyrir handtöku sína. Ákærði kvað rannsóknaraðila þá hafa leitað að þriðja manningnum í máli þessu, sem svo var kallaður. Ákærði kvaðst þá hafa greint eiginkonu sinni frá því, að ákærði væri þessi þriðji maður, er leitað var, og kvaðst ákærði hafa greint eiginkonu sinni frá sínum hlut í málinu, og hafi þau rætt málið, án þess þó að ræða það í smáatriðum.

Ákærði kvaðst hafa tekið ákvörðun um að vera með í innflutningi kókaínsins vegna þess, að ákærði hefði átt í fjárhagsvandræðum á þessu tímabili og hafði hug á því að rétta við fjárhag sinn og selja hluta efnisins, en ákærði kvaðst einnig hafa haft hug á því að komast yfir kókaín til eigin nota.

Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa verið frumkvöðul og skipuleggjanda máls þessa. Ákærði kvað meðákærða Ólaf hafa sett þá reglu, að

ákærði og meðákærði X ættu ekki að ræðast við um málið og að meðákærði X vissi ekki af þátttöku ákærða í efniskaupunum. Þá kvað ákærði meðákærða Ólaf Þór hafa sett þá reglu, að málið skyldi aldrei rætt nema undir fjögur augu og reynt yrði að ganga þannig frá öllum endum, að sem minnstar líkur væru á því, að málið kæmist upp. Ákærði kvaðst aldrei hafa rætt verkaskiptingu við meðákærða Ólaf Þór, en hafa fengið þau svör frá honum, er ákærði spurði um málið, að best væri, að ákærði vissi sem minnst, og af því leiddi minnsta áhættu fyrir alla aðila. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór þannig hafa leitt málið og rekið áfram.

Ákærði Y bar um það hér fyrir dómnum 15. maí sl., að V hefði komið á heimili sitt, eftir að ákærði var látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Ákærði kvað V hafa spurt ákærða að því, hvernig ákærði hefði hagað framburði sínum í gæsluvarðhaldinu. Ákærði kvað V hafa haldið á brott, er ákærði spurði hana um skýrslur þær, er greindu frá viðræðum V við rannsóknaraðila málsins. Ákærði kvað V hafa spurt þannig um málið, að svo virtist sem hún vissi mun meira en aðrir, en ákærði kvaðst ekki treysta sér til að greina nánar frá þessu.

Ákærði bar við þessa yfirheyrslu að hafa fengið peninga hjá meðákærða Ólafi Þór til að aflétta veðskuld, er hvíldi á bifreið þeirri, er ákærði seldi haustið 1988. Ákærði kvaðst ekki hafa greitt skuldina sjálfur, heldur fengið til þess fé hjá þeim meðákærða Ólafi Þór og V, en ákærði kvaðst hafa talið féð komið frá O.

Vitnið S, nemi í bifvélavirkjun, kom fyrir dómnum 18. apríl sl.

S kvað ákærða X, bróður sinn, hafa greint sér frá því, að flutt hefðu verið inn fikniefni í bifreið þeirri, er X keypti fyrir Y í Bandaríkjunum, og að X stæði að innflutningi fikniefnanna ásamt ákærða Ólafi Þór Þórhallssyni. S kvaðst hafa frétt þetta eftir komu bifreiðarinnar til landsins.

S, sem vinnur á sama stað og ákærði X, kvaðst hafa haldið heim í kvöldmat eftir vinnu hinn 22. nóvember 1988, en eftir kvöldmat hafa haldið aftur á vinnustaðinn í Kópavogi til að sækja þangað dót. S kvaðst hafa komið á verkstæðið eftir kl. 20 um kvöldið, og hefðu þeir ákærðu Ólafur Þór og X þá verið þar fyrir, og bifreiðin, er keypt hafði verið í Bandaríkjunum og geymd hafði verið utan dyra verkstæðisins um daginn, hefði verið inni á verkstæðinu, er hér var komið sögu. S kvað bifreiðina hafa verið uppi á lyftu og þeir ákærðu X og Ólafur Þór hefði verið að taka filmu af rúðum bifreiðarinnar. S kvað ákærða X hafa greint sér frá því, að búíð væri að fjarlægja fikniefnið úr varadekki bifreiðarinnar, en ákærði X hafði áður greint frá því, að keypt hefði verið kókaín í Bandaríkjunum. S kvað ákærða Ólaf Þór hafa verið búinn að flytja efnið upp á kaffistofu á verkstæðinu, er S kom þar að. S kvað ákærða Ólaf Þór síðan hafa sótt efnið upp á kaffistofuna og hafa afhent sér efnið og beðið sig fyrir það að flytja efnið

á sameiginlegt heimili þeirra ákærða X. S kvaðst hafa tekið við efninu og kvað efnid hafa verið í svörtum plastpoka og komið efninu þannig fyrir í ísskáp á heimili þeirra ákærða X. Síðar kvaðst S muna, að efnid hefði verið í tveimur pokum, er vafðir voru límbandi. S kvað ákærða Ólaf Þór hafa verið berhentan, er hann tók filmurnar af rúðum bifreiðarinnar, en er ákærði Ólafur Þór hefði afhent efnid, hefði hann haft hanska á höndum.

S kvað V hafa komið og sótt ákærða Ólaf Þór, meðan S dvaldist á verkstæðinu. S kvaðst telja, að þau ákærði Ólafur Þór og V hefðu verið farin, er E kom á staðinn, en S kvaðst hafa hitt hann á verkstæðinu um kvöldið.

S kvað þau ákærðu Ólaf Þór, V og ákærða X öll hafa komið á heimili þeirra bræðra þetta sama kvöld og þau öll þrjú haldið þar inn í eldhús til að skoða þar fíkniefnin, er S kvaðst hafa komið fyrir í ísskápnum. S kvaðst hafa verið að horfa á sjónvarpið, er þetta átti sér stað, og ekki hafa veitt því sérstaka athygli, hvornig skoðun efnisins fór fram, en kvaðst þess þó fullviss, að öll þrjú hefðu skoðað efnid.

S kvað fíkniefnin nú hafa verið geymd í ísskáp á heimili sínu næstu vikurnar utan eina helgi, er efnid var flutt á brott, og ákærði X þá greint sér frá því, að efnid hefði verið flutt á heimili ákærða Ólafs Þórs, og þar hafi efnid verið vegið, en síðan geymt áfram á heimili S í grænum plastpokum. Eftir að efnid var aftur flutt á heimili þeirra bræðra, kvað S efnid hefði verið látið afskiptalaust í u.þ.b. eina viku, en eftir það hefði ákærði Ólafur Þór tekið að sækja efni og ýmist verið einn í för eða með V, sem S kvaðst fullviss, að hefði vitað, hvað fram fór. S kvaðst hafa verið viðstaddur í nokkur skipti, er ákærði Ólafur Þór hefði sótt efni, og hefðu þeir ákærði X þá farið í ísskápinn og ákærði Ólafur Þór þá tekið plastpoka, er innihélt fíkniefni. S kvaðst ekki vita, hverjum þeir ákærðu Ólafur Þór og X seldu fíkniefnið.

S kvað ákærða X hafa lagt að sér að taka bankahólf á leigu til að geyma í fíkniefnin, sem S kvað þá ákærðu X og Ólaf Þór hafa verið komna í einhver vandræði með. S kvaðst hafa fallist á þetta, og daginn eftir, að hólfid var tekið á leigu í Landsbankanum í Mjódd, hefðu þeir bræður farið í bankann og S fyllt út einhver plögg, en ákærði X komið fíkniefnunum fyrir í bankahólfinu á meðan. S kvaðst hafa fengið afhenta tvo lykla að bankahólfinu, og hefði ákærði X fengið annan, en ákærði X afhent ákærða Ólafi Þór hinn lykilinn. S kvað ákærða X hafa getað komist í bankahólfid án atbeina S, en ákærða Ólaf Þór ekki. S kvað hafa verið ákveðið, að hann léti ákærða Ólaf Þór vita, ef ákærði X yrði handtekinn, svo að ákærði Ólafur Þór gæti tæmt bankahólfid.

S kvaðst síðan hafa látið ákærða Ólaf Þór vita af handtöku ákærða X, og í því sambandi kvaðst S hafa hringt á heimili ákærða Ólafs Þórs, en hann ekki verið heima, en V gefið sér upp símanúmer í Fossvogi og ákærði

Ólafur Þór reynst þar staddur. S kvaðst hafa hringt í þetta símanúmer, en sér ókunnur aðili svarað, en gefið sér samband við ákærða Ólaf Þór og þeir mælt sér mót við hús í Fossvogi. Þar kvaðst S hafa hitt ákærða Ólaf Þór og þeir ákveðið að hittast við Landsbankann í Mjódd daginn eftir til að fjarlægja fikniefnið úr bankahólfinu. S kvaðst síðan hafa komið til fundarins við Landsbankann daginn eftir, en V komið í stað ákærða Ólafs Þórs og hún sagt, að ákærði Ólafur Þór gæti ekki komið vegna prófa. S kvað V hafa ætlað að afhenda sér lykilinn að bankahólfinu þarna, en svo hefði ekki farið og hún haldið lyklinum í sínum vörslum. S kvað þau V ekki hafa rætt um það að sækja fikniefnin í bankahólfið. S kvað V fyrst og fremst hafa komið til að greina frá fjarveru ákærða Ólafs Þórs og til að losa sig við lykil þann, er ákærði Ólafur Þór hafði haft að bankahólfinu. S kvað aldrei hafa komið til tals, að hann tæki að sér að sækja efnið í bankahólfið, enda einungis verið um það samið, að hann léti Ólaf Þór vita af handtöku ákærða X. S kvaðst því ekki hafa viljað taka við lyklinum hjá V eða að taka að sér annað en um hafði verið samið.

S kvaðst nokkrum dögum eftir handtöku ákærða X hafa fundið poka í verkstæðisbifreið þeirri, er ákærði X hafði haft til umráða, og kvaðst S hafa talið fullvíst, að un fikniefni hefði verið að ræða, og því sett sig í sambandi við ákærða Ólaf Þór til að fá hjá honum fyrirmæli um það, hvað skyldi gera við efnið. S kvað þá ákærða Ólaf Þór hafa mælt sér mót á Seltjarnarnesi og V komið til þess fundar með ákærða Ólafi Þór og hún orðið vitni að því, er ákærði Ólafur Þór hefði látið sér eftir að ákveða, hvað gera skyldi við efnið. S kvaðst síðan hafa falið efnið í Elliðavogi daginn eftir. Lögreglan lagði síðan hald á efnið. S kvaðst síðan hafa falið efnið í Elliðavogi daginn eftir. Lögreglan lagði síðan hald á efnið. S kvað ákærða Ólaf Þór hafa reynt að fá sig til að taka við lyklinum að bankahólfinu á þessum fundi þeirra, en S vikið sér undan því. S kvað ákærða Ólaf Þór þá hafa haft orð á því, að ekkert lægi á að fara í bankahólfið, þar sem svo virtist sem lykill ákærða X að bankahólfinu hefði ekki fundist og því litlar líkur á því, að lögreglan færi í hólfið.

Vitnið E, starfsmaður sjónvarpsins, Reykjavík, kom fyrir dóminn 25. apríl sl.

E kvað þá Y, son sinn, lengi hafa haft hug á því að kaupa bifreið í Bandaríkjunum og flytja hingað til lands. E kvað þá feðga hafa ákveðið að slá til, er Y frétti af utanför X til Bandaríkjanna, og beðið hann að kaupa bifreið ytra.

E kvað ákærða X hafa aðstoðað sig við að sækja bifreiðina úr tolli, og hefði bifreiðinni verið ekið á vinnustað ákærða X og ákærði X boðist til að yfirfara ýmislegt í bifreiðinni. E kvað hafa verið ákveðið, að hann kæmi á verkstæðið um kvöldið, og þangað kvaðst E hafa komið um kl.

19. E kvað verkstæðið hafa verið læst, er komið var að því, en hafa séð þá ákærðu X og Ólaf Þór inn um glugga á verkstæðishurðinni, og hefði sér verið minnisstætt að sjá ákærða Ólaf Þór kappklæddan og með leðurhanska inni á verkstæðinu. E kvað bifreiðina hafa verið uppi á lyftu, og kvaðst hann hafa veitt því eftirtekt, að varadekkið lá við hlið bifreiðarinnar. E kvað þá ákærðu X og Ólaf Þór hafa staðið við bifreiðina, er E kom þar, en ákærði Ólafur Þór hefði sagst vera að gera við Lada-bifreið, er var þar inni, en E kvaðst ekkert hafa merkt, er benti til þess, að ákærði Ólafur Þór væri að gera við bifreiðina. E kvaðst hafa haft það á tilfinningunni án þess að geta fullyrt það, að einhver þriðji maður hefði verið inni í afgreiðslubúri verkstæðisins, en E kvaðst ekki vita, hvort svo var og þá hver.

E kvaðst ekki minnast þess að hafa hitt S á verkstæðinu um kvöldið. E kvað einhverja menn hafa verið fyrir utan verkstæðið um kvöldið, og þá kvaðst E hafa verið að þrifa rúður bifreiðarinnar og e.t.v. ekki hafa séð S, hafi hann komið.

E kvað ákærða X síðan hafa ekið bifreiðinni á heimili sitt um kvöldið og ákærði X haft orð á því, að vinkona hans sækti sig, og hefði verið mikill flýtir á ákærða X.

E kvað T, tengdadóttur sína, hafa greint sér frá því, er Y sætti gæsluvarðhaldi, er E kom til landsins frá útlöndum, að Y tengdist máli þessu ásamt þeim ákærðu X og Ólafi Þór.

Vitnið G auglýsingateiknari, Reykjavík, kom fyrir dóminn 18. apríl sl.

G kvað ákærða Ólaf Þór hafa hringt í sig fyrri hluta október 1988 og spurt sig að því, hvort sambýliskona sín gæti tekið að sér að flytja peninga til ákærða X í Bandaríkjunum, en ákærði X væri þar að kaupa bifreið. G kvaðst hafa bent ákærða Ólafi Þór á að ræða þetta beint við R, sambýliskonu sína, sem sé flugfreyja.

G kvaðst síðan minnast þess að hafa fengið féð afhent á þáverandi vinnustað sínum í húsi Framtíðarinnar í Faxafeni. G kvaðst ekki muna, hvort ákærði Y eða ákærði Ólafur Þór afhentu féð, en þó muna að hafa séð þá báða á staðnum. G kvaðst síðan hafa afhent R féð til flutnings til Bandaríkjanna.

G kvaðst hafa selt ákærða Ólafi Þór bifreiðina R-49061, Ford Fiesta, árgerð 1987, í byrjun október 1988. G kvaðst á þessu tímabili hafa verið illa staddur fjárhagslega, og hefði hann notað peningana, er fengust úr bílasölu, til að greiða reikninga heimilisins, svo sem greiðslukortareikninga og greiðslu af skuldabréfum. G kvað söluverð bifreiðarinnar hafa verið kr. 360.000, og hefðu greiðslur farið fram í október, nóvember og desember 1988. G kvað ákærða Ólaf Þór hafa innt allar greiðslurnar af hendi í reiðufé. G kvað engin skjöl vera til vegna söluvarna, og hefði þessi háttur verið

hafður á að beiðni ákærða Ólafs Þórs vegna námslána hans. G kvaðst hafa haft bifreiðina skráða á sitt nafn þrátt fyrir sóluna, en til hefði staðið að umskrá bifreiðina um áramótin 1988/1989. G kvaðst ekki vita, hvaðan peningar þeir, er ákærði Ólafur Þór greiddi fyrir bifreiðina, voru komnir, og aldrei hafa spurt um það.

Vitnið R flugfreyja, Reykjavík, kom fyrir dóminn 18. apríl sl.

R kvað ákærða Ólaf Þór hafa hringt í sig nokkrum dögum fyrir utanför sína til Orlando í Flórída haustið 1988 og spurt sig að því, hvort hún gæti tekið að sér að flytja peninga í svokölluðu „money order“-formi til Bandaríkjanna og þar til ákærða X, er þar var staddur. R tók peningaflutningana að sér og kvað G, sambýlismann sinn, hafa tekið við fénu á vinnustað sínum, og hefðu ákærðu Ólafur Þór og Y afhent féð þar. R kvað G síðan hafa afhent sér féð sama dag og hún hefði haldið til Flórída, og kvaðst R hafa skilið féð eftir í afgreiðslu hótels í Orlando, en féð hefði verið í umslagi merktu ákærða X.

R kvaðst hafa vitað af því, er G seldi ákærða Ólafi Þór Ford Fiesta-bifreið sína í nóvember 1988. R kvað bifreiðina hafa verið greidda með þremur greiðslum og í reiðufé, en söluverð bifreiðarinnar hefði verið kr. 360.000. R kvað engin skjöl vera til staðfestingar sölu bifreiðarinnar, og kvað R þann hátt hafa verið á hafðan í greiðaskyni við ákærða Ólaf Þór, svo að hann tapaði ekki rétti til námslána. R kvað peningana, er fengust við bifreiðasöluna, hafa verið notaða til að greiða ýmsa reikninga heimilisins, svo sem greiðslukortareikninga og bankalán.

Vitnið B skrifstofumaður, Reykjavík, kom fyrir dóminn 25. apríl sl.

B kvaðst hafa haldið til Bandaríkjanna ásamt ákærða X hinn 12. október 1988, og hefði ákærði X greint sér frá því nokkrum dögum fyrir utanförina, að hann hygðist kaupa kókaín ytra. B kvað C, systur ákærða X, hafa ekið þeim ákærða X á heimili ákærða Ólafs Þórs fyrir brottförina, og þar hefði ákærði Ólafur Þór afhent ákærða X peninga, og hefði V verið þar stödd. B kvaðst hafa séð, að um mikla peninga var að ræða, og kvaðst B hafa séð féð, er það var talið í hótélherbergi í Chicago. B kvaðst hafa heyrt á tali ákærðu Ólafs Þórs og X, er peningarnir voru afhentir, að eitthvað af fé vegna reksturs bílaleigunnar hefði ekki innheimst, og kvaðst B því hafa talið féð komið úr rekstri bílaleigunnar og að það væri hlutur ákærða X.

B bar um fundi ákærða X við sölumann fíkniefnanna ytra, en ekki kvaðst B vita nánar um sölu efnanna, en B kvað efnið hafa verið falið í varadekki bifreiðar þeirrar, er ákærði X keypti í Bandaríkjunum. B kvað ákærða X hafa verið mjög taugaspenntan, meðan á fíkniefnakaupunum stóð, og hefði ákærði X verið hræddur og m.a. beið sig fyrir skilaboð til móður sinnar, ef eitthvað kæmi fyrir sig.

B kvað A flugþjón hafa komið með fé frá ákærða Ólafi Þór og afhent ákærða X fé, er átti að fara til fíkniefnakaupanna.

B kvaðst hafa vitað af peningasendingu, er barst með R flugfreyju og að það fé hefði átt að nota til bifreiðakaupanna.

B kvað ákærða X hafa greint sér frá því, að ákærðu Ólafur Þór og Y ættu hlut að máli þessu. Þá kvaðst B einu sinni hafa séð ákærðu X og Ólaf Þór með kókaín í fórum sínum, en það hefði verið á heimili ákærða X í mars 1989 og þeir þá verið með kókaín í neytendaumslagi.

Vitnið C afgreiðslustúlka, Reykjavík, kom fyrir dóminn 25. apríl sl.

C kvaðst hafa ekið ákærða X og B um bæinn sama dag og þau héldu til Bandaríkjanna, hinn 12. október 1988, og þá m.a. komið á heimili ákærða Ólafs Þórs, þar sem ákærði X átti að fá afhenta peninga. C kvað þau öll þrjú hafa haldið inn á heimili ákærða Ólafs Þórs, sem ekki hefði verið heima, en V tekið á móti þeim. C kvað V hafa greint frá því, að ákærði Ólafur Þór væri í banka að sækja gjaldeyri. C kvað ákærða Ólaf Þór hafa komið eftir u.þ.b. hálfra klukkustund og hann þá sagt, að vinir sínir hefðu útvegað sér gjaldeyri. C kvaðst síðan hafa verið viðstödd ásamt B og V, er ákærði Ólafur Þór afhenti ákærða X peningaumslag. C kvað ákærða X þá hafa tekið peninga úr umslaginu og spurt að því, hvort þetta væri allt, og ákærði Ólafur Þór þá sagt svo vera. C kvað þá ákærðu X og Ólaf Þór hafa farið afsíðis stutta stund, en þau þrjú, er komu á staðinn saman, haldið brott skömmu síðar. C kvað ákærða X hafa greint sér frá því, að féð hefði verið skuld ákærða Ólafs Þórs vegna uppgjörðs bílaleigunnar og féð hefði átt að nota til upphalds í Bandaríkjaferðinni.

Vitnið A nemandi, Reykjavík, kom fyrir dóminn 2. maí sl.

A kvaðst hafa starfað sem flugþjónn sl. þrjú sumur. A kvaðst hafa verið í skóla með ákærða Ólafi Þór og því þekkja hann. A kvað ákærða Ólaf Þór hafa spurt sig að því í byrjun október 1988, hvort hann héldi ekki reglulega til Orlando. A kvað ákærða Ólaf Þór síðan hafa komið að máli við sig síðari hluta október 1988 og þá beðið sig fyrir peninga til ákærða X, er staddur var í Orlando. A kvaðst hafa haldið út hinn 23. október og þá með peningana til ákærða X og hafa afhent honum féð á hóteli í Orlando. A kvaðst ekki vita, um hversu háa fjárhæð hefði verið að ræða, en peningarnir hefðu verið í lokuðu umslagi, og ákærði Ólafur Þór hefði sagt, að féð ætti að nota til bifreiðarkaupa ytra.

Vitnið F bifvélavirkjameistari, Reykjavík, faðir ákærða X, kom fyrir dóminn 2. maí sl.

F kvaðst hafa hringt í ákærða Ólaf Þór daginn eftir handtöku X, sonar síns, og tilkynnt ákærða Ólafi Þór um handtökuna. F kvaðst hafa spurt ákærða Ólaf Þór að því, hvort X notaði fíkniefni. F kvað ákærða Ólaf Þór hafa svarað: „Ekki hefði ég getað talið það.“ F kvaðst hafa skilið

svar ákærða Ólafs Þórs svo, að X hefði notað fíkniefni og að ákærði Ólafur Þór hefði vitað af því. F kvaðst hafa lokið símtalinu strax, er hér var komið sögu, þar sem F kvaðst hafa verið þess fullviss, að ákærði Ólafur Þór segði ósatt.

Vitnið K nemandi, Reykjavík, kom fyrir dóminn 8. maí sl.

K kvað V hafa gefið sér kókaín í afmælisveislu ákærða Ólafs Þórs, og kvaðst K þá hafa notað kókaín ásamt V og J. Þá kvað K V hafa gefið sér kókaín í a.m.k. tvö skipti um áramótin 1988-1989, og kvað K V hafa haft kókaínið í neytendaunslögum og u.þ.b. ½ g í hvort skipti. K kvaðst aldrei hafa fengið kókaín hjá ákærða Ólafi Þór.

Vitnið T nemandi, Reykjavík, eiginkona ákærða Y, kom fyrir dóminn 2. maí sl.

T kvaðst hafa haldið á vinnustað ákærða X, eftir að ákærði X gekk laus úr gæsluvarðhaldinu, en áður en ákærði Y sætti gæsluvarðhaldi. T kvað ákærða X þá hafa greint frá því, að hann ásamt ákærða Ólafi Þór hefði flutt til landsins 1 kg af kókaíni og að hlutur hvors þeirra hefði verið 365 g. T kvaðst á þessari stundu ekki hafa vitað um hlut eiginmanns síns í málinu. T kvað eiginmann sinn hafa greint sér frá því daginn fyrir handtöku, að hann væri þriðji maðurinn í máli þessu, en þá höfðu báðir meðákærðu verið handteknir. T kvað ákærða Y hafa greint sér frá því, að ákærði Ólafur Þór hefði afhent sér sinn efnishlut á heimili þeirra hjóna, og þar hefði efnið verið vegið á eldhúsbordinu. T lýsti tveimur heimsóknum V á heimili sitt, og síðari heimsóknin hefði átt sér stað skömmu eftir, að ákærði Y gekk laus úr gæsluvarðhaldinu, og hefði hann verið heima. T kvað þau þrjú hafa rætt mál þetta og hver ætti sök á því, að málið komst til rannsóknar hjá lögreglu. T kvað V hafa bölvað ákærða X fyrir það að greina frá hlut ákærða Ólafs Þórs. T kvað hafa verið ljóst af tali V, að hún hefði vitað nákvæmlega, hvernig málið var í pottinn búið og hver hefði verið hlutur hvers og eins í máli þessu. T kvað Y hafa greint sér frá því, eftir að hann gekk laus úr gæsluvarðhaldinu, að hann hefði selt nafngreindum manni af efninu og að J hefði selt efni fyrir ákærða Ólaf Þór.

Maður sá, er ákærði Y kvaðst hafa selt alls 40 g af kókaíni fyrir samtals kr. 210.000, var yfirheyrður hér fyrir dómnum 2. maí sl. og hafði áður verið yfirheyrður hjá lögreglu og samprófaður með ákærða Y. Maðurinn tók fyrir að hafa keypt kókaín af ákærða Y.

Vitnið H sendibifreiðarstjóri, Reykjavík, kom fyrir dóminn 25. apríl sl.

H kvaðst hafa móttakið 30 g af kókaíni frá ákærða X skömmu fyrir handtöku sína í byrjun maí 1988. H kvaðst hafa afhent ákærða X þrjá tryggingarvixla vegna kaupanna, og hefðu tveir verið að fjárhæð kr. 80.000, en einn að fjárhæð kr. 100.000. H vísaði á bug að hafa keypt 50 g af efninu af ákærða X, svo sem hann bar fyrir dómnum.

Vitnið Ingibjörg Indriðadóttir, deildarstjóri Landsbanka Íslands, Árbæjarútibúi, kom fyrir dóminn 2. maí sl.

Ingibjörg greindi frá því, er ákærði Y sótti um gjaldeyri í bankanum hinn 28. október 1988 og að með ákærða Y hefði verið maður, er Ingibjörgu virtist aðstoða ákærða Y, og að þeim manni hefði verið jafnmikið í mun að fá gjaldeyrinn afgreiddan sem ákærða Y.

Vitnið Þorgrímur Ottósson, skrifstofustjóri Landsbanka Íslands, Árbæjarútibúi, kom fyrir dóminn 2. maí sl.

Þorgrímur kvað ákærða Y, sem Þorgrímur kvaðst þekkja sem viðskiptamann bankans, hafa sótt um gjaldeyri til bílkaupa í Bandaríkjunum í október 1988. Þorgrímur kvað hafa staðið til að senda féð í banka í Florida, en í ljós hefði komið, að Landsbankinn hafði þar ekki viðskiptabanka, og hefði ákærða Y þá verið greint frá því, að nokkra daga tæki að senda féð út og uns það bærisk til Florída. Þorgrímur kvað samferðamann ákærða Y í bankanum nú hafa æst sig mjög upp, og því hefði Þorgrímur verið kallaður á vettvang. Þorgrímur kvað ákærða Y hafa skilið útskýringar sínar, en samferðamaður hans orðið mjög æstur. Þorgrímur kvaðst hafa boðist til þess að senda skeyti til Bandaríkjanna til staðfestingar því, að peningar væru á leiðinni frá Landsbanka Íslands, en samferðamaður ákærða Y hefði tekið af skarið og ekki talið það fullnægjandi. Þorgrímur kvað mennina þá hafa brugðið sér frá, en komið aftur sama dag og fengið gjaldeyri í svokölluðu „money order“-formi.

Vitnið J nemi, Reykjavík, kom fyrir dóminn 25. apríl sl.

J kvaðst þá engin fíkniefni hafa mótttekið frá ákærða Ólafi Þór. J var fyrst yfirheyrður hjá lögreglunni 12. maí 1989. J kvað hafa komið til tals milli sín og ákærða Ólafs Þórs milli jóla og nýárs 1988, að ákærði Ólafur Þór hefði yfir einhverju kókaíni að ráða, og hefði ákærði Ólafur farið þess á leit við sig, að hann seldi kókaín fyrir ákærða Ólaf Þór. J kvað ákærða Ólaf Þór hafa viljað fá kr. 8.000 fyrir hvert g efnisins. J óskaði að taka það sérstaklega fram við skýrslutöku þessa, að hann hefði ávallt verið hræddur við ákærða Ólaf Þór og að hann hefði margsinnis hótad að hefna sín, ef J segði frá misferli þessu. J kvaðst hafa látið til leiðast og selt efnið fyrir ákærða Ólaf Þór af ótta við hótanir hans. J lýsti síðan móttöku á 70 g af kókaíni og sölu sinni til tveggja nafngreindra aðila. J var síðan yfirheyrður hjá lögreglunni 25. og 31. maí, 2. og 3. júní og bar ávallt efnislega á sama veg um efnið frá ákærða Ólafi Þór. Ákærði bar og efnislega á sama veg fyrir dómi 25. maí 1989, og þar lýsti J enn sölu 70 g af kókaíni til þeirra M og L. Þá hafði komið til tals, að J hygðist breyta framburði sínum eða draga til baka, og var hann sérstaklega spurður að þessu fyrir dómnum, og kvaðst J að visu hafa orðað þetta einslega við lögreglu, en ekki ætlast til, að það færi lengra eða yrði tekið hátiðlega.

J og ákærði Ólafur Þór voru samprófaðir hjá lögreglunni 3. ágúst 1989. J kvað þá, að ákærði Ólafur Þór hefði viljað fá kr. 6.000 til 7.000 fyrir hvert kókaíngamm. Þá kvaðst J hafa selt M alls 50 til 60 g af efninu og L 10 g og allt efnið verið frá ákærða Ólafi Þór.

J kvað fyrir dómnum 25. apríl sl. framburð sinn hjá lögreglu hafa verið til kominn fyrir hótanir lögreglunnar og að sér hefði ekki verið boðin aðstoð réttargæslumanns, svo sem lög geri ráð fyrir. Þá kvað J framburð sinn hafa verið svo sem raun varð á vegna heimilishaga sinna og vegna náms, og hefði hann því illa mátt við gæsluvarðhaldi. J nafngreindi tvo rannsóknarlögreglumenn, sem hefðu hótað sér gæsluvarðhaldi, ef framburði yrði ekki hagað svo sem raun varð á.

Rannsóknarlögreglumennirnir Óskar Kristjánsson og Jóhannes Viggósson, er J kvað hafa hótað sér, komu fyrir dómnum 8. maí sl. og vísuðu framburði J um hótanir aigerlega á bug svo og því, að J hefði ekki verið boðin aðstoð réttargæslumanns við yfirheyrslu hinn 12. maí 1989. Sú lögregluskýrsla ber með sér, að gætt var viðeigandi ákvæða réttarfarslaga við upphaf skýrslutökunnar. Óskar Kristjánsson kvaðst muna vel eftir því, að J hefði haft orð á því, að hann væri hræddur við ákærða Ólaf Þór, og hefði það komið fram hjá J æ síðan. Óskar kvað J og ákærðu X og Y alla hafa haft orð á því, að þeir væru hræddir við hefndaraðgerðir ákærða Ólafs Þórs, ef þeir greindu frá hans meinta þætti í málinu.

J kom aftur fyrir dómnum 8. maí sl., þar sem J var kynntur framburður rannsóknarlögreglumanna Óskars og Jóhannesar, er að framan er getið. J óskaði þá eftir fresti til að tjá sig um málið.

J kom loks fyrir dómnum 14. maí sl.

J kvaðst nú ekki treysta sér til að svara því, hvort hann hefði tekið við kókaíni frá ákærða Ólafi Þór, og nýtti J rétt sinn samkvæmt 91. gr. laga 74, 1974, til að svara ekki spurningunni. Er J var spurður út í framburð sinn fyrir dómnum 25. maí sl., kvaðst J ekki treysta sér til að segja annað um þann framburð en að hann væri ekki að öllu leyti réttur, utan J kvaðst standa við framburð sinn varðandi samskiptin við lögregluna.

M bar hjá lögreglunni í maí 1989 að hafa keypt 17-20 g af kókaíni af J á tímabilinu frá áramótum 1988 - 1989 og fram í febrúar 1989.

L bar hjá lögreglunni 29. maí 1989 að hafa hinn 24. febrúar 1989 keypt 10 g af kókaíni af manni, er kallaðist Nonni.

Vitnið U, Reykjavík, var yfirheyrð hjá lögreglunni 23. ágúst sl.

U kvað ákærða Ólaf Þór hafa verið staddan á heimili sínu í Fossvogi í byrjun maí 1989 og þeir verið að lesa fyrir próf. U kvað mann þá hafa hringt og spurt eftir ákærða Ólafi, og hefði maðurinn komið skömmu síðar, og ákærði Ólafur og maður þessi hefðu ræðst við í bíl við heimili U. U kvað ákærða Ólaf hafa greint sér frá því, að fundurinn með manni

Þessum hefði verið vegna væntanlegs aukatíma í stærðfræði, er V ætlaði að gefa viðkomandi.

Þ var yfirheyrður hjá lögreglunni 30. maí 1989. Þ kvaðst þá ekkert þekkja til ákærða Ólafs Þórs, en þekkja ákærða X lítilega. Þ neitaði öllum fíkniefnasamskiptum við ákærða X, og voru þeir samprófaðir hjá lögreglunni 1. júní sl., án þess að samræmi næðist í framburði þeirra. Þ, sem búsettur er í Bandaríkjunum, var ekki yfirheyrður undir dómsrannsókn málsins.

Vitnið V verkfræðingur, Reykjavík, kom fyrir dóminn 14. maí sl.

V kvað sér ekki hafa verið kunnugt um innflutning ákærðu á fíkniefnum til landsins. V kvaðst hafa vitað um fyrirhugaða utanför ákærða X til Bandaríkjanna í október 1988 og að fyrirhugað hefði verið, að ákærði X keypti þar bifreið fyrir ákærða Y.

V kvaðst ekki hafa verið heima, er ákærði X fékk afhentan gjaldeyri fyrir brottförina. V kvaðst telja, að ákærði X hefði fengið afhentan gjaldreyri, er Bílaleiga GÓ átti. V kvaðst hafa tekið 666 USD út úr banka sama dag, og hefði það fé átt að fara til kaupa á hasarblöðum í Bandaríkjunum. V hafði áður borið hjá lögreglunni, að hún hefði tekið þetta fé út og afhent ákærða Ólafi Þór féð, sem síðan afhenti ákærða X það. V kvað þann framburð sinn ekki hafa verið réttan og hann væri til kominn fyrir misskilning.

V kvaðst telja ákærða Ólaf Þór hafa beðið sig að ræða við R flugfreyju og biðja hana fyrir gjaldeyri til ákærða X í Bandaríkjunum, en féð átti að fara til bílkaupa.

V kvaðst hafa rætt símleidis við ákærða X, meðan hann var staddur í Bandaríkjunum, og hefði verið rætt eitthvað um peningasendingu þangað út. V hafði áður borið við lögregluþyrheyrslu, að ákærði X hefði sagt, að hann vildi ekki ræða beint við ákærða Y frá Bandaríkjunum. V kvaðst hafa átt við það, er þessi framburður var gefinn, að ákærði Ólafur Þór hefði sagt ákærða X hafa farið fram á það að fá að ræða við ákærða Ólaf Þór sem milligöngmann í stað þess að ræða beint við ákærða Y, og ástæðan hefði verið sögð sú, að erfitt væri að ræða við ákærða Y símleidis, þar sem hann stamaði svo mikið. V kvað ákærða X vegna þessa oft hafa hringt í ákærða Ólaf Þór, meðan á Bandaríkjadvölinni stóð.

V kvaðst hafa hitt ákærða X í hádeginu þann dag, er bifreiðin, er ákærði X keypti ytra, var leyst úr tolli. V kvaðst hvorki hafa komið á verkstæðið, vinnustað ákærða X sama kvöld né á heimili hans. V kvað framburð manna, er báru svo, vera rangan.

V var spurð um framburð sinn hjá lögreglunni 5. júlí sl., en þar kvaðst V hafa logið að lögreglunni um tilvist lykils að bankahólfi. V kvaðst ekki átta sig á ástæðu þess að hafa greint lögreglunni rangt frá að þessu leyti,

en kvað sig hafa langað til að láta lögregluna leita að lyklinum í Kópavogslæk. V kvaðst aldrei hafa heyrt á tal ákærðu Ólafs Þórs og X varðandi neitt, er lyti að bankahólfi.

V kvaðst hafa komið á heimili ákærða Y, eftir að hann gekk laus úr gæsluvarðhaldi, og þá spurt að því, vegna hvers ákærði Y hefði borið rangar sakir á ákærða Ólaf Þór. V var kynntur framburður T, er rakinn var að framan, og kvað V T hafa dregið rangar ályktanir varðandi það, er fram fór á heimili T í þetta skipti.

V greindi frá fundi sínum og S við Landsbanka Íslands í Mjódd, en V kvaðst hafa haldið þangað fyrir ákærða Ólaf Þór, er ekki hefði komist vegna prófa. V kvað tilgang fundarins hafa verið þann að afhenda S fé til að greiða af láni fyrir ákærða X, en S hefði ekki viljað taka við óútfylltri ávísun, er V kvaðst hafa boðið S. V kvaðst einungis hafa hitt S í þetta eina skipti og hvorki hafa hitt hann fyrr né síðar.

V var spurð um kókaínneyslu sína, og kvaðst hún aldrei hafa neytt efnisins. V kvað rangan framburð í þá áttina, svo sem framburð K, er rakinn var að framan. V lýsti rangan framburð sinn hjá lögreglu, þar sem hún hefði ítrekað (sic) borið um fíkniefnaneyslu sína. V kvaðst hafa búið þann framburð til í því skyni að fá að ganga laus. Þá kvað V framburð sinn hjá lögreglunni rangan varðandi það, að hún hefði séð ákærða X með kókaín í glærum plastpoka. V kvaðst hafa þetta eftir B og ákveðið að haga framburði sínum á sama veg og B.

V greindi frá því, að hún hefði rekið söluturn á sínum tíma ásamt Ö og ákærða Y. V kvað ákærða Y hafa ætlað að selja bifreið sína, en þá komið í ljós, að veðskuld nærri kr. 100.000 hvildi á bifreiðinni vegna þessa atvinnureksturs. V kvað ákærða Y ekki hafa getað selt bifreiðina vegna veðskuldarinnar, og þá hefði Ö afhent annaðhvort sér eða ákærða Ólafi Þór fé, sem þau síðan koinu áleiðis til ákærða Y, svo að hann gæti aflétt veðskuldinni.

V kvað þau ákærða Ólaf Þór hafa haft bifreiðina R-49061 að láni hjá G og hafa haft bifreiðina samfelld að láni frá áramótum 1988-1989. V kvað framburð G og R rangan varðandi það, að bifreiðin hefði verið seld ákærða Ólafi Þór.

V voru kynntar skýrslur rannsóknarlögreglumannanna Reynis Kjartanssonar og Björns Halldórssonar, þar sem þeir greina frá samræðum við V, en skýrslurnar hafa verið staðfestar fyrir dómnum, og verður þeirra getið síðar. Þar kemur fram, að V hafi vitað nánast um alla þætti máls þessa. V kvað þessar skýrslur uppspuna, og samræðurnar, er þar greinir frá, hefðu aldrei átt sér stað.

V greindi nú frá því í fyrsta skipti, að hún og ákærði Ólafur Þór hefðu verið í matarboði hjá N, systur V, að Suðurgötu 73 hér í borg, að kvöldi

22. nóvember 1988. Hefðu þau dvalist þar frá því kl. 17-18 um daginn og fram til miðnættis. V var spurð að því, af hverju ekki hefði verið greint frá þessu fyrr, og kvaðst hún ekki hafa munað þetta fyrr.

Vitnið Ö skrifstofumaður, Reykjavík, kom fyrir dóminn 15. maí sl.

Ö kvaðst þekkja ákærða Ólaf Þór gegnum V, sambýliskonu hans, sem hefði verið með Ö í skóla. Ö kvaðst hafa rekið „sjoppu“ ásamt þeim V og ákærða Y frá því í júní 1986 til júní 1987. Ö kvað veðskuld hafa hvílt á bifreið ákærða Y vegna þessa atvinnureksturs, og hefði þar verið sölu-skattsskuld, er koma hefði átt í sinn hlut að greiða. Ö kvað ákærða Ólaf Þór hafa hringt í sig og greint sér frá því, að ákærði Y hefði verið búinn að greiða skuldina, og hefði ákærði Ólafur Þór beðið Ö að útvega fé til að greiða ákærða Y vegna skuldarinnar. Ö bar áður hjá lögreglunni 5. júlí sl., að hann hefði kannað hjá embætti tollstjóra, hversu há skuldin væri, en þá komist að því, að búið var að greiða skuldina.

Ö kvaðst hafa frá miðju ári 1987 fram að jólum 1988 flutt inn vasabrotsbækur frá Bretlandi og Bandaríkjunum ásamt V. Ö kvað ávallt hafa verið sótt um gjaldeyri í banka vegna þessa innflutnings utan í eitt skipti, líklega í október 1988, er Ö kvaðst hafa tekið við nærri 600 USD frá V.

Ö kom fyrir dóminn, svo sem getið var, 15. maí, daginn eftir að vitnið V kom fyrir dóminn. Ö kvaðst hafa ekið V, er hún mætti hér fyrir dóm-inum, og síðan hafa sótt hana eftir yfirheyrsluna. Ö kvað ekkert hafa verið rætt um mál þetta.

Vitnið Reynir Kjartansson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn 8. maí sl.

Reynir staðfesti þá skýrslu sína, dagsetta 13. júní sl., þar sem greint er frá samræðum hans og V. Í þessari skýrslu hefur Reynir eftir V upplýsingar um nánast alla efnispætti máls þessa og að hinir þrír ákærðu hefðu flutt til landsins 1 kg af kókaíni og að hlutur hvers þeirra um sig væri nánast svo sem í ákærinni greinir.

Reynir kvað V hafa verið taugaspennta, og hefði hún haft þörf fyrir að ræða við einhvern um málið. Reynir kvað V hafa haft orð á því, að hún myndi bera því í mót, að samtali þeirra hefði átt sér stað.

Vitnið Björn Halldórsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn 14. maí sl.

Björn staðfesti þar skýrslu sína, dagsetta 14. júní sl. Í skýrslunni hefur Björn eftir V upplýsingar um flesta þætti málsins, og virtist Birni V vita um flesta þætti málsins, svo sem skýrsla hans ber með sér. Björn kvaðst hafa lesið skýrsluna og kynnt V efni hennar, en hún borið því í mót að hafa greint frá sem í skýrslunni greinir.

Vitnið N heilsugæslulæknir, Reykjavík, kom fyrir dóminn 25. maí sl.

N kvaðst minnst þess að hafa boðið V, systur sinni, og ákærða Ólafi

Þór í matarboð á heimili sínu hinn 22. nóvember 1988, en J hefði ekki verið þar staddur. N kvað V hafa komið á heimili sitt kl. 18 um kvöldið og ákærði Ólafur Þór um hálf tíma síðar. N kvað þær systur hafa farið á heimili móður sinnar að kvöldi 21. nóvember 1988, og þar hefði N boðið V í matarboðið. N kvaðst hafa farið yfir þetta tímabil í huganum og kvaðst þess „jafnviss og hægt er að vera“ eftir þennan tíma, að þau V og ákærði Ólafur Þór hefðu verið á heimili hennar að kvöldi 22. nóvember 1988.

N var kynntur framburður ákærða X og vitna í málinu, er borið hafa um það, að ákærði Ólafur Þór og V hafi verið stödd annars staðar en á heimili hennar að kvöldi 22. nóvember 1988. N kvað hæpið, að um misminni sitt gæti verið að ræða, og nefndi í því sambandi, að hún hefði greint V frá þessu í nóvember sl., að hún og ákærði Ólafur Þór hefðu verið á heimili sínu framangreint kvöld. N kvað V, systur sína, hafa verið fegna, að einhver skyldi muna, hvar hún hefði verið stödd að kvöldi 22. nóvember 1988, en ekki kvaðst N hafa vitað, hvort og þá hvernig V hefði ætlað að koma þessum upplýsingum á framfæri.

Ákærði Ólafur Þór Þórhallson var yfirheyrður fyrir dómi 29. nóvember sl. og bar þá af sér allar sakir.

Ákærði Ólafur Þór kom fyrir dóminn 14. maí sl. og bar enn af sér allar sakir.

Ákærði Ólafur kvað þá meðákærða X hafa stofnað Bílaleigu GÓ fyrir hluta árs 1988. Hefði verkaskiptingu milli þeirra verið þannig háttáð, að ákærði átti að annast fjármál leigunnar, en meðákærði X að annast viðhald og viðgerðir á fjórum bifreiðum leigunnar. Ákærði kvað bifreiðarnar aðallega hafa verið leigðar útlendingum, og hefði velta leigunnar verið svo sem fram kemur í reikningum hennar. Ákærði kvað meðákærða X hafa látið prenta samninga vegna leigunnar, og hefðu verið prentaðir bæði númeraðir og ónúmeraðir leigusamningar. Ákærði kvaðst ekki hafa gert athugasemd við þetta, og kvaðst ákærði einu sinni hafa fyllt út ónúmeraðan leigusamning. Ákærði kvað meðákærða X hafa haft orð á því að nota ónúmeraða leigusamninga, ef færi gæfist á því.

Ákærði Ólafur Þór kvaðst hafa vitað af fyrirhugaðri utanför meðákærða X til Bandaríkjanna í október 1988, og hefði ákærði afhent meðákærða X fé á heimili sínu fyrir brottför ákærða X, og hefði þar verið um að ræða fé af rekstri bílaleigunnar. Ákærði kvaðst ekki muna, hversu há fjárhæð var afhent, en kvaðst hafa tekið féð út af gjaldeyrisreikningum. Ákærði kvað fjárhæðina, er hann afhenti meðákærða X, ekki hafa getað verið svo háa sem framburður meðákærða X benti til svo og framburður C og B.

Ákærði Ólafur Þór kvaðst halda, að meðákærði X hefði enga peninga haft meðferðis til Bandaríkjanna vegna bílkaupanna. Ákærði kvaðst ekki minnst þess að hafa annast milligöngu um það að koma peningum til með-

ákærða X í Bandaríkjunum. Síðar kvaðst ákærði muna, að R flugfreyja hefði haldið til Bandaríkjanna með peninga til meðákærða X. Ákærði kvaðst ekki muna, hvernig féð frá meðákærða Y barst R í hendur. Ákærði kvaðst ekki minnst þess að hafa haldið á vinnustað G og afhent honum féð, er R flutti til Bandaríkjanna.

Ákærði Ólafur Þór kvaðst hafa tekið að sér fyrir beiðni meðákærða Y að biðja A flugþjón að flytja peninga til Bandaríkjanna til meðákærða X.

Ákærði kvaðst í fyrstu ekki minnst þess að hafa aðstoðað meðákærða Y við öflun gjaldeyris á nokkurn hátt og ekki minnst þess að hafa komið í Landsbankann í Árbæ í því skyni að aðstoða meðákærða Y. Síðar í þessu þinghaldi mundi ákærði eftir því að hafa fyrir hreina tilviljun haldið með meðákærða Y í Landsbankann í Árbæ, þar sem verið var að sækja um gjaldeyri vegna bílkaupanna. Ákærði kvað hafa komið í ljós, að of langan tíma hefði tekið að senda féð til banka í Flórída, og því hefði verið ákveðið að kaupa ávísanir, en ekki kvaðst ákærði muna, hvort þeir félagar fóru úr bankanum og komu aftur sama dag til að kaupa tékkana. Ákærða var kynntur framburður vitnanna Ingibjargar Indriðadóttur og Þorgríms Ottóssonar um það, að maður sá, er var í för með meðákærða Y, hefði verið æstur í skapi og haft sig mjög í frammi. Ákærði kvaðst telja bankastarfsmennina ekki hafa áttað sig á því, að þeir ynnu í þjónustustofnun og að einn starfsmanna bankans væri þekktur fyrir afskiptasemi af viðskiptamönnum bankans. Ákærði kvað afskipti sín af gjaldeyriskaupunum hafa stafað af því, að ákærði hefði verið orðinn „pirraður“ á biðinni.

Ákærði kvaðst hafa hitt meðákærða X í hádeginu 22. nóvember 1988 og þeir rætt fjármál bílaleigunnar, en ekki hafa rætt við hann aftur þennan dag. Ákærði kvaðst hafa séð meðákærða X koma akandi á bifreið þeirri, er hann keypti í Bandaríkjunum. Ákærði var nú spurður um ástæðu fyrir breyttum framburði sínum um þetta, en ákærði hafði, meðan hann sætti gæsluvarðhaldi, margsinnis borið að hafa komið á verkstæðið að kvöldi 22. nóvember 1988. Ákærði kvaðst telja það hafa verið misskilning, og kvaðst ákærði telja sig hafa ruglast á bifreið þeirri, er meðákærði X flutti til landsins, og einhverri annarri „pickup“-bifreið, er ákærði hefði e.t.v. einhvern tíma séð á verkstæðinu, og vegna þessa hafa talið sig hafa komið á verkstæðið þetta kvöld. Ákærði var nú spurður að því, hvers vegna hann leiðrétti ekki framburð sinn fyrr, þar sem oftsinnis hefði verið borið á ákærða, að hann hefði afhent S kókaín á verkstæðinu þetta kvöld. Ákærði kvaðst ekki hafa aðra skýringu en þá, að hann hefði vísað í fyrri framburð sinn um þetta. Ákærða var kynntur framburður meðákærða X og vitnanna S og E um það, að ákærði hefði komið á verkstæðið framangreint kvöld. Ákærði kvað framburðinn rangan. Ákærði kvaðst ekki heldur hafa komið á heimili meðákærða X þetta kvöld, en ákærði kvaðst oft hafa komið á

heimili meðákærða X á þeim tíma, er í ákærinni greinir, en aldrei séð þar meðhöndluð fikniefni.

Ákærði greindi nú frá því í fyrsta sinn, að hann hefði verið staddur í matarboði hjá N, systur sambýliskonu sinnar, þetta kvöld. Ákærði kvaðst ekki hafa munað eftir að koma þessu á framfæri áður. Ákærði kvað þau V hafa verið í matarboðinu hjá N.

Ákærði kvaðst ekki muna, hvort hann hefði afhent meðákærða Y fé til að létta af veði af bifreið þeirri, er meðákærði Y hugðist selja haustið 1988. Ákærða var kynntur framburður V um þetta, en ákærði kvaðst ekki muna þetta.

Ákærði kvaðst nokkrum sinnum hafa tekist á hendur fjárskuldbindingar fyrir meðákærða Y og staðfesti í því sambandi að hafa gerst ábekingur á vixil að fjárhæð kr. 180.000, er meðákærði Y seldi í Sparisjóði Hafnarfjarðar hinn 20. október 1988.

Ákærði kvaðst ekki muna eftir að hafa hitt S, eftir að meðákærði X var handtekinn. Ákærði kvaðst ekki muna að hafa átt fund með S í Fossvogi, er ákærði var staddur á heimili U.

Ákærði kvaðst ekki muna eftir því að hafa mælt sér mót við S við útibú Landsbanka Íslands í Mjódd eða að hafa mælt sér mót við hann annars staðar. Ákærði kvaðst ekki muna að hafa sent V til fundar við S í Mjódd.

Ákærði kvaðst aldrei hafa vitað af bankahólfi í Landsbanka Íslands í Mjódd, fyrr en eftir að ákærði sætti gæsluvarðhaldi, og kvaðst ákærði aldrei hafa haft í sinni vörslu lykil að bankahólfi.

Ákærði kvaðst hafa greitt reikninga fyrir meðákærða X, meðan hann var staddur í Bandaríkjunum, og telja sig hafa greitt greiðslukortareikninga og eitthvað fleira.

Ákærði kvaðst ekki þekkja mann að nafni Þ.

Ákærði kvaðst hafa haft bifreiðina R-49061 að láni hjá G og hann sé eigandi bifreiðarinnar, og kvaðst ákærði enga athugasemd hafa fram að færa varðandi upptökukröfu ákæruvaldsins. Ákærði kvaðst enga hugmynd hafa um það, hvers vegna G og R hagi framburði sínum á þann hátt, að ákærði hafi keypt bifreiðina. Ákærði kvaðst hafa fengið bifreiðina að láni í nóvember 1988 og hafa haft hana í vörslum sínum og til umráða og afnota allt til þess, er ákærði hefði verið handtekinn.

Svo sem rakið hefur verið, hefur ákærði Ólafur Þór neitað öllum sakargiftum. Ákærði var yfirheyrður ýtarlega hjá lögreglunni undir frumrannsókn málsins. Ekki verður rakin framburður hans þar nema að litlu leyti, en nokkurra atriða getið. Framburður ákærða var mjög á reiki um fjárhæð þá, er ákærði Ólafur Þór kvaðst hafa afhent meðákærða X fyrir brottför hans til Bandaríkjanna. Framburður ákærða Ólafs Þórs hjá lögreglunni um peningasendingar til Bandaríkjanna til meðákærða X var mjög á reiki.

Ákærði bar í fyrstu, að V hefði enga peninga útvegað til að afhenda meðákærða X fyrir utanförina, síðan hjá lögreglunni 8. júlí sl. kvaðst ákærði ekki muna þetta. Við yfirheyrslu 1. ágúst sl. kvaðst ákærði hafa afhent meðákærða X 666 USD fyrir brottförina, og kvað ákærði sig og V hafa lánað meðákærða X féð. Ákærði bar á sama veg við samprófun með meðákærða X 2. ágúst sl. Framburður ákærða og V hefur verið breytilegur um þetta og margt fleira, svo sem rakið er að framan.

Ákærðu Ólafur Þór og X voru samprófaðir fyrir dóminum 15. maí sl., og staðfesti ákærði X þá fyrri framburð sinn um meintan þátt sinn í málinu svo og meintan þátt ákærða Ólafs Þórs, sem hélt sig við fyrri framburð sinn, og náðist ekki samræmi.

Sama dag, 15. maí sl., voru ákærðu Ólafur Þór og Y samprófaðir, og staðfesti ákærði Y þá fyrri framburð sinn að öllu leyti og í því sambandi einnig meintan hlut meðákærða Ólafs Þórs að undirbúningi, skipulagningu og síðar afhendingu kókaínsins á heimili ákærða Y, allt svo sem í ákærinni greinir. Þá lýsti ákærði Y enn hlut ákærða Ólafs Þórs að fjáröflun og síðan útvegum fólks til flutnings fjárins til Bandaríkjanna til meðákærða X og að ákærði Ólafur Þór hefði gerst ábekingur á víxil, er seldur var í Sparisjóði Hafnarfjarðar, og að ákærði Ólafur Þór hefði vitað, að féð átti að nota til fíkniefnakaupanna. Ákærði Ólafur Þór vísaði í fyrri framburð sinn, og náðist ekki samræmi.

Niðurstöður.

Niðurstöður verða raktar sérstaklega varðandi hvern kafla ákærunnar.

I.

Ákærði hefur verið mjög reikandi í framburði sínum um fé það, er ákærði kvaðst hafa afhent meðákærða X fyrir brottför til Bandaríkjanna hinn 12. október 1988, bæði um fjármuni og fjárhæð, er ákærði kvað hafa komið úr rekstri Bílaleigu GÓ, svo og um þá 666 USD, er að framan er getið. Ákærði hefur þvertekið fyrir það að hafa afhent meðákærða X þá 8.000 Bandaríkjadali, er ákært er út af, en með framburði ákærða X og vitnanna B og að hluta C telst sannað, að ákærði hafi afhent meðákærða X 8.000 Bandaríkjadali, en í niðurstöðum skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, dagsettri 27. júlí 1989, segir, að tekjur vegna Bílaleigu GÓ hafi verið verulega vantaldar og tekjur og gjöld á rekstrar- og efnahagsreikningi rekstrarársins 1988 hafi verið rangt tilgreind. Þykir þetta ásamt öðrum gögnum málsins renna stoðum undir það, að Bílaleiga GÓ hafi fyrst og fremst verið sett á fót í því skyni að skjóta undan tekjum, er nota átti til fíkniefnakaupa. Hið sama á við um fé það, er sent var til Bandaríkjanna og var framlag meðákærða Y, en það voru 5.000 Bandaríkjadali, að fram-

burður ákærða um það hefur verið mjög á reiki, en sannað er, að ákærði sendi þetta fé utan, svo sem ákært er út af.

Ákærði Ólafur sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa og síðar á grundvelli 4. til 67. gr. laga 74, 1974, frá 12. maí 1989 til 7. desember sl., í 210 daga. Ákærði var, svo sem rakið var að framan, ýtarlega yfirheyrður um hina ýmsu þætti máls þessa hjá lögreglunni. Ákærði lýsti ítrekað (sic) dvöl sinni á verkstæðinu að með meðákærða X að kvöldi 22. nóvember 1988. Ákærði hefur hins vegar borið því í mót, að fíkniefni hafi verið meðhöndluð, jafnt þar sem annars staðar. Ákærði bar loks fyrir dóminum 14. maí sl. að hafa verið staddur í matarboði hjá N framangreint kvöld ásamt V. N bar fyrir dóminum 25. maí sl., að ákærði Ólafur Þór og V hefðu verið í matarboði á heimili sínu að kvöldi 22. nóvember 1988, og kvaðst hún „jafnviss og hægt er að vera“ eftir þennan tíma um, að þessi dagsetning væri rétt. N kvaðst hafa greint V frá þessu í nóvember sl. Þrátt fyrir þetta kváðust hvorki V né ákærði Ólafur Þór hafa munað eftir matarboðinu, fyrr en þau voru yfirheyrð hér fyrir dómi 14. maí sl. Ákærði X, S og E hafa allir borið um það, að ákærði Ólafur Þór hafi verið á verkstæðinu að kvöldi 22. nóvember 1988, og hafa þeir lýst í smáatriðum, bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi, hvað átti sér stað þar, og að V hefði þar einnig verið stödd, en ákærði Ólafur Þór bar hjá lögreglunni, að hann myndi ekki, hvort V hefði verið þarna stödd. Hinn breytti framburður ákærða Ólafs Þórs og V þykir að engu hafandi, enda í algjöru ósamræmi við önnur gögn málsins, og skiptir í því sambandi engu máli framburður N hér fyrir dóminum.

Vitnið S og ákærði X hafa borið um afhendingu ákærða Ólafs á 970 g af kókaini á verkstæðinu að kvöldi 22. nóvember 1988 og flutning S á efninu á heimili ákærða X fyrir beiðni ákærða Ólafs.

Að hluta til breyttur framburður vitnisins J er að engu hafandi, og verður gengið út frá upphaflegum framburði hans, enda ekkert í málinu, er veikir þann framburð, heldur þvert á móti ýmislegt, er styrkir hann.

Framburður ákærða Ólafs er mjög breytilegur og ótrúverðugur um allt, er lýtur að leigu geymsluhólfins í Landsbankanum í Mjódd, og samrýmist framburður ákærða Ólafs og V ekki um ýmislegt, er að þessu lýtur. Skýring V á tilvist lykilsins að bankahólfinu og það, að sig hafi langað til að láta lögregluna leita í Kópavogslæk að lyklinum, er út í hött og bendir eindregið í þá átt, að framburður S og ákærða X um bankahólfið og allt, er að því lýtur, sé réttur, og er gengið út frá því, að svo sé. Sömuleiðis virðist réttur framburður S um ætlaðan fund S og ákærða Ólafs Þórs í Fossvogi við heimili U, sem kvað fund ákærða Ólafs Þórs og einhvers manns hafa átt sér stað í byrjun maí 1989, en lögreglan fann kókainið, er falið var við Elliðavog, hinn 12. maí 1989. Ákærði kvað fundinn hafa staðið í sambandi

við aukatíma, er V hugðist gefa einhverjum manni í stærðfræði, en þessi framburður er ótrúverðugur, en framburður S trúverðugur.

Framburður ákærða Ólafs Þórs hér fyrir dómnum er um margt ótrúverðugur og óstöðugur og ýmislegt, er ákærði Ólafur Þór kvaðst ekki muna, og vissast í þessu sambandi til framburðar ákærða hér að framan.

Fjölmarginn í gögnum málsins bendir til sektar ákærða Ólafs Þórs. Margt hafa ákærðu og vitni borið efnislega á sama veg. Ákærðu X og Y hafa borið á sama veg um umbúdir þær, er fíkniefnin voru geymd í og voru vegin með. Báðir hafa borið um það, hversu varlega ákærði Ólafur Þór fór, er hann meðhöndlaði fíkniefnin, og hafi oftast nær haft hanska á höndum. Vitni og ákærðu X og Y hafa borið um fíkniefnameðhöndlun og neyslu bæði ákærða Ólafs Þórs og V á því tímabili, er í ákærinni greinir.

Framburður vitnisins V er mjög ótrúverðugur, og benda skýrslur rannsóknarlögreglumannanna Reynis Kjartanssonar og Björns Halldórssonar til þess, að framburður V sé rangur að mestu leyti, a.m.k. ekki nema hálfkveðinn. Skýrslur lögreglumannanna eru upplýsingaskýrslur um gang rannsóknarinnar. Skýrslurnar eru ritaðar eftir viðræður rannsóknaraðila og V, og gat henni ekki dulist, er hún sætti gæsluvarðhaldi og einangrun, að viðræður og skýrslutökur, meðan á gæsluvarðhaldinu stóð, voru hluti af rannsókn málsins og gátu ekki verið neitt annað, meðan á einangrun V stóð. Skýrslurnar verða hins vegar ekki metnar til jafns við eiginlegar yfirheyrslur, enda ekki gætt viðeigandi ákvæða réttarfarslaga. Skýrslurnar eru hins vegar hluti af gögnum máls þessa ásamt framburði rannsóknarlögreglumannanna og þykja renna stöðum undir sekt ákærða Ólafs Þórs ásamt öðrum gögnum málsins.

Ákærði Ólafur Þór átti frumkvæði á ýmsan hátt, t.d. um öflun gjaldeyriss, að senda peninga til Bandaríkjanna, leysa veð af bifreið þeirri, er með ákærði Y hugðist selja til að afla fjár til bilkaupanna í Bandaríkjunum. Hann tókst á hendur ábyrgð vegna láns meðákærða Y og vissi, að féð átti að nota til fíkniefnakaupa.

Framburður ákærðu X og Y er efnislega á sama veg varðandi það, að ákærði Ólafur Þór hafi verið frumkvöðull og aðalskipuleggjandi brotastarfsemi þeirrar, er ákært er út af. Ákærði Ólafur Þór stóð þannig á milli ákærðu X og Y, og nánast öll samskipti fóru um hans hendur. Framburður V um það, að ákærði X hafi viljað láta ákærða Ólaf Þór vera milligöngumann á milli ákærðu X og Y, er X var í Bandaríkjunum, og ástæðan hafi verið sú, að Y hafi stamað svo mikið, er út í hött, en ekkert kom fram við yfirheyrslur yfir ákærða Y, er benti til þess, að hann stamaði. Þetta þykir hins vegar ásamt fjölmörgu öðru meðal gagna málsins renna stöðum undir það, að ákærði Ólafur Þór hafi verið frumkvöðull, svo sem honum er gefið að sök í ákærinni. Ákærði Ólafur ætlaðist ekki til þess, að ákærðu

Y og X ræddu saman um málið, og greindi ákærði Y frá því, að ákærði X vissi ekki af ákærða Y.

Pegar framanritað er virt og að virtum gögnum málsins, þykir enginn skynsamlegur vafi leika á því, að ákærði Ólafur Þór er sekur í máli þessu gegn eindreginni neitun sinni og að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákærinni, þó með þeirri athugasemd, að ekki er sannað, að ákærði Ólafur Þór hafi afhent meðákærða X meira en kr. 400.000 frá því í desember 1988 og fram í febrúar 1989, en þetta fé var söluandvirði fíkniefna og allt að helmingur söluandvirðis. Þá er gengið út frá því, að J hafi fengið allt að 60 g hjá ákærða, og fékk ákærði kr. 6.000 til 7.000 fyrir hvert gramm.

II.

Ekki er sannað, að ákærði hafi keypt kókainið af nafngreindum Íslendingi, en ákærði keypti hins vegar efnið á þeim stað og á þeirri stundu, er í ákærinni greinir. Ekki er sannað, að ákærði hafi í apríl 1989 selt H nema 30 g af kókaininu. Að öðru leyti er þessi ákæruliður réttur, og þykir sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er hér gefin að sök, með ofangreindum athugasemdum þó.

III., 1 og 2.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í þessum ákæruliðum, með eftirfarandi athugasemd þó. Ekki er sannað, að ákærði hafi selt nafngreindum manni í Reykjavík 40 g, svo sem ákært er út af. Ákærði seldi hins vegar óvissan hluta efnisins og þar af vinum og kunningjum 10 til 20 g, að jafnaði á kr. 8.000 til 8.500 hvert gramm.

Brot ákærðu eru stórfelld og varða innflutning og dreifingu á kókaini, sem telst til skaðsamlegri fíkniefna. Dómurinn lítur svo á, að fíkniefnabrot ákærðu beri að meta sem eina heild áframhaldandi brotastarfsemi. Dómurinn telur, að eftirfarandi efnislýsing 173. gr. a almennra hegningarlaga, þar sem fjallað er um það að láta mönnum í té fíkniefni gegn verulegu gjaldi „eða á annan sérstaklega saknæman hátt“, eigi við um brot ákærðu, þar sem þeir stóðu að innflutningi og dreifingu kókains, sem telst til þeirra fíkniefna, er hafa hvað mesta hættueiginleika, en samkvæmt efnagreiningu á efni því, er lagt var hald á, var efnið mjög sterkt kókain, þ.e. lítið var um aðskotaefni. Fíkniefnabrot ákærðu varða því samkvæmt ofanrituðu við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 64, 1974. Brot ákærða Y í ákærulið III. 2 varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, allt svo sem í ákærinni greinir.

Ákærði Ólafur Þór gekkst á árinu 1984 undir dómsátt fyrir umferðarlagabrot.

Ákærði X gekkst undir dómsátt fyrir umferðarlagabrot á árinu 1983 og aftur 1984 og hlaut dóm fyrir sams konar brot árið 1987.

Ákærði Y hefur ekki sætt refsingu.

Mál þetta snýst aðallega um innflutning og dreifingu á 970 g af kókaíni. Lögreglan lagði hald á 413,9 g af efninu. Sönnuð er sala ákærða Ólafs Þórs á allt að 60 g, ákærða X á allt að 40 g og ákærða Y á allt að 20 g, og hafa þannig verið sannanlega seld samtals allt að 120 g til nafngreindra aðila, en auk þess seldi ákærði Ólafur Þór óvissan hluta þess magns, er hann sótti á heimili ákærða X, en svo sem rakið var, skilaði ákærði Ólafur Þór kr. 400.000 ákærða X, og var það fé söluandvirði fíkniefna. Eftir standa um 436 g, sem ýmist hafa verið sögð gefin, farið hafi til mikillar eigin neyslu ákærðu X og Y ásamt vinum og kunningjum eða engin grein hefur verið gerð fyrir efninu. Samkvæmt þessu tókst lögreglu að koma í veg fyrir, að verulegum hluta fíkniefnanna yrði dreift og þeirra yrði neytt.

Eignarhlutur ákærðu í kókaíninu og fjárframlag til kaupanna var ekki jafnt, svo sem komið hefur fram. Ákærðu Ólafur Þór og X áttu sameiginlega 730 g af kókaíninu eða 365 g hvor, en ákærði Y fékk í sinn hlut 206 - 208 g.

Einungis tveimur dómum Hæstaréttar er til að dreifa, er fjalla um meðferð manna á kókaíni. Þessir dómur eru H. 1983, 1997. bls., og í málinu nr. 116/1989. Í fyrra málinu hlaut maður 2½ árs fangelsi fyrir að kaupa og selja rúmlega 14 kg af hassi og fyrir að kaupa 180 g af kókaíni, blanda það efni til helminga og selja síðan af því 130 g. Þessi brot voru framin í Danmörku og Svíþjóð í samvinnu við annan mann. Í síðara málinu hlaut maður 2 ára fangelsi fyrir að smygla til landsins 56 g af kókaíni og fyrir að selja hluta efnisins með hagnaði hérlendis. Svo sem greina má af þessum tveimur dómum Hæstaréttar, eru efnistegund og/eða efnismagn ekki einhlítur mælikvarði á refsingar fyrir fíkniefnabrot, enda dómarnir ekki samrýmanlegir, ef svo væri, jafnvel þótt refsimat hafi eitthvað þyngst, frá því að fyrri dómurinn var kveðinn upp.

Þyngstu refsingar fyrir fíkniefnabrot hérlendis eru að jafnaði, er mönnum er gerð refsing eftir 173. gr. a almennra hegningarlaga. Aldrei hefur í Hæstarétti verið kveðinn upp þyngri dómur fyrir fíkniefnabrot en tveggja og hálfis árs fangelsi. Þeir menn, er hlotið hafa þyngstu refsingarnar fyrir fíkniefnabrot, hafa vanalega margsinnis áður gerst sekir um fíkniefnabrot og/eða önnur refsilagabrot og hafa oftast stundað brotastarfsemi í langan tíma, jafnvel svo að árum skiptir, og auk þess hefur yfirleitt verið til að dreifa margvíslegum refsilyngjandi atriðum öðrum.

Ákærðu sammæltust við framningu brotanna, og verður það virt ákærðu til þyngingar við refsíákvörðun, sbr. 2.mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Svo sem rakið var, stofnuðu ákærðu Ólafur Þór og X Bílaleigu GÓ beinlínis í þeim tilgangi að afla fjár til fíkniefnakaupanna. Brot þeirra hafði þannig langan aðdraganda og var vel skipulagt og lýsir þannig einbeittum brotavilja þeirra, og er það virt þeim til þyngingar við refsíákvörðun, sbr. 6. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði Y kom síðar við sögu og, svo sem rakið hefur verið, mikið fyrir tilstilli og frumkvæði ákærða Ólafs Þórs.

Ákærðu X og Y greindu hreinskilnislega frá öllum atvikum máls þessa, og leiddi framburður þeirra fyrst og fremst til þess, að málið upplýstist. Þetta verður virt þessum ákærðu til hagsbóta við refsíákvörðun, sbr. 9. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu hafa aldrei áður gerst brotlegir við fíkniefnalöggjöfina, og enginn ákærðu hefur áður sætt refsingum fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, og hafa allir ákærðu stundað fasta vinnu eða verið við nám.

Svo sem rakið var, telur dómurinn, að meta beri fíkniefnabrot ákærðu sem heild, en ákærða Y verður gerð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga vegna skjalafalsbrotsins.

Þegar allt ofanritað er virt og að virtum gögnum málsins, telst refsing ákærða Ólafs Þórs hæfilega ákvörðuð fangelsi í 4½ ár, og til frádráttar refsivistinni komi 210 gæsluvarðhald ákærða.

Refsivist ákærða X þykir með vísan til alls ofanritaðs hæfilega ákvörðuð fangelsi í 3½ ár, og til frádráttar refsivistinni komi 30 daga gæsluvarðhaldsivist ákærða.

Refsivist ákærða Y þykir hæfilega ákvörðuð fangelsi í 2½ ár, og til frádráttar refsivistinni komi 9 daga gæsluvarðhald ákærða.

Í öllum tilvikum, er gæsluvarðhald ákærðu er dregið frá refsivistinni, er vísað til 76. gr. almennra hegningarlaga.

Rakin er að framan sala ákærðu á kókaíninu, en svo sem þar var getið, seldi ákærði Ólafur Þór allt að 60 g til nafngreinds aðila, en seldi efnið í óvissu magni að öðru leyti, svo sem ákært er út af. Þessi niðurstaða er studd framburði ákærða X og framburði rannsóknarlögreglumannanna Reynis Kjartanssonar og Björns Halldórssonar, sem báðir hafa eftir V, að kr. 500.000 til 600.000 hafi komið í hlut ákærða Ólafs Þórs vegna fíkniefnasölnunnar. Þessi niðurstaða er og studd öðrum gögnum máls þessa. Þótt nokkur óvissa sé um það, hver var heildarágóði ákærða Ólafs Þórs, telur dómurinn sannað, að ágóði hans af fíkniefnasölnunni hafi numið hærri fjárhæð en nam kaupverði bifreiðarinnar R-49061. Dómurinn lítur svo á, að andvirði hverrar ólögmeðrar sölu fíkniefna teljist ólögmeður ágóði, sem

unnt sé að gera upptækan, og skiptir kostnaður við öflun efnisins ekki máli í þessu sambandi. Svo sem rakið var, seldu ákærðu hluta kókaínsins. Ekki hefur tekist að sanna þrátt fyrir ýtarlega rannsókn, að ákærðu hafi haft verulegan ágóða af sölu fikniefnanna, en mikil umræða hefur átt sér stað í fjölmiðlum um mál þetta og þar verið nefndar milljónir króna sem söluandvirði fikniefnanna, er mál þetta snýst um. Mál þetta er þannig ekki frábrugðið öðrum fikniefnamálum, er komið hafa til kasta dómstóla, að því leyti, að brotin eru framin með hagnaðarvon í huga, en hagnaður af brotastarfseminni hefur verið minni en til var stofnað og ástæðurnar ýmsar, en í þessu máli einkum mikil eigin neysla ákærðu, efnið hefur ekki fengist greitt o.s.frv., svo sem gögnin bera með sér.

Sönnuð eru viðskiptasjónarmið ákærðu, svo sem ákært er út af, og vegna þeirra og með vísan til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976, er rétt að gera hvorum ákærðu X og Y að greiða kr. 75.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 25 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja. Eftir atvikum er látið við það sitja að beita ákærða Ólaf Þór eignaupptöku, sbr. síðar, en gera honum ekki jafnframt að greiða sekt.

Upptökukröfur.

Ákærðu Ólafur Þór og X sæti upptöku á 413,9 g af kókaíni, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, en efnið er nú í vörslu lögreglu.

Ákærði Ólafur Þór kveður upptökukröfu bifreiðarinnar R-49061 sér óviðkomandi, þar sem hann sé ekki eigandi bifreiðarinnar. Dómurinn telur sannað gegn neitun ákærða Ólafs Þórs, að ákærði hafi keypt bifreiðina R-49061 af G í október 1988 og greitt bifreiðina í október, nóvember og desember s.á. Kaupverðið var kr. 360.000, og voru greiðslur inntar af hendi í þrennu lagi og ein greiðsla í hverjum ofangreindra mánaða. Dómurinn telur sannað, að sala fikniefnanna hafi hafist í desember 1988 og því hafi örugglega tvær fyrstu greiðslurnar, er inntar voru af hendi vegna bifreiðar-kaupanna, verið greiddar með öðru fé en fé, er fékkst með fikniefnasölu. Líklegast er hins vegar, að síðasta greiðslan hafi verið innt af hendi með fé, er fékkst með sölu kókaínsins. Krafist er upptöku bifreiðarinnar með vísan til 3. tl. 1. mgr. 60. gr. almennra hegningarlaga, en þar segir, að gera megj upptæka muni eða ávinning, sem aflað hefur verið með broti og enginn á löglegt tilkall til, eða fjárhæð, sem svarar til slíks ávinnings. Svo sem rakið var að framan, telur dómurinn sannað, að ágóði ákærða Ólafs Þórs af sölu fikniefna nemi samtals hærrí fjárhæð en nemur kaupverði bifreiðarinnar, er hér um ræðir. Því má slá föstu, að eignarréttur geti ekki stofnast fyrir brotastarfsemi, og þykir dóminum mega beita svokallaðri jafnvirðisupptöku og gera bifreiðina upptæka til ríkissjóðs, enda

ágóði ákærða Ólafs Þórs af fíkniefnasölunni meiri en kaupverð bifreiðarinnar, svo sem rakið var. Þykir í því sambandi engu máli skipta, þótt hluti af kaupverðinu eða jafnvel allt kaupverðið hafi verið innt af höndum með löglega fengnu fé. Dómurinn lítur svo á, að ganga megi að eignum manna, er jafnvirðisupptöku er beitt, því að ella næði þetta úrræði ekki tilgangi sínum, svo sem ef hlutir þeir, er aflað hefur verið með brotastarfsemi, hafa fyrir einhverra hluta sakir farið forgörðum og ættu þá að girða fyrir, að gengið yrði að eignum manna.

Ákærða Ólafi Þór er því með vísan til ofanritaðs og með vísan til 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga gert að sæta upptöku á bifreiðinni R-49061 með föstu númeri JÖ015. Bifreiðin er nú í vörslum lögreglu, merkt munaskrá nr. 715.

Ákærði Ólafur Þór sæti upptöku á lóðavog, er lagt var hald á, en vogin var notuð við að vega kókaín. Vogin er merkt munaskrá nr. 731 í vörslum lögreglu.

Ákærði X hefur samþykkt upptökukröfur ákærvaldsins. Ákærði X sæti upptöku á kr. 30.000, sem er söluandvirði fíkniefna, og jafnframt á þremur ódagsettum ávísunum, nr. 3120198, að fjárhæð kr. 80.000, nr. 3184952, að fjárhæð kr. 80.000, og nr. 3184955, að fjárhæð kr. 100.000, öllum á tékkareikning nr. 8570 við Sparisjóð vélstjóra, en tékkanna aflaði ákærði X með sölu kókaíns. Vegna upptökunnar vísast til 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun málsvarnar- og réttargæslulauna er höfð hliðsjón af hinu mikla umfangi málsins og ýtarlegri og tímafrekri rannsókn bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi.

Ákærði Ólafur Þór greiði skipuðum verjanda sínum, Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 350.000 í málsvarnar- og réttargæslulaun.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, kr. 350.000 í málsvarnar- og réttargæslulaun.

Ákærði Y greiði skipuðum verjanda sínum, Ólafi Garðarssyni héraðsdómsslögmanni, kr. 200.000 í málsvarnarlaun, en lögmaðurinn hefur þegar fengið greidda réttargæsluþóknun skv. reikningi, er fylgir gögnum málsins.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt, þ.m.t. kr. 200.000 í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

D ó m s o r ð:

Ákærði Ólafur Þór Þórhallsson, sæti fangelsi í 4½ ár, en til frádráttar fangelsisrefsingunni komi 210 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði X sæti fangelsi í 3½ ár, en til frádráttar fangelsisrefsingunni komi 30 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði Y sæti fangelsi í 2½ ár, en til frádráttar fangelsisrefsingunni komi 9 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærðu X og Y greiði hvor fyrir sig kr. 75.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 25 daga fangelsi í sektar stað, greiði hvor þessara ákærðu fyrir sig ekki sektina innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Ólafur Þór sæti upptöku til ríkissjóðs á bifreiðinni kókaíni.

Ákærði Ólafur Þór sæti upptöku til ríkissjóðs á bifreiðinni R-49061, Ford Fiesta, árgerð 1987, með föstu númeri JÖ015, en bifreiðin er nú í vörslu lögreglu, merkt munaskrá nr. 715.

Þá sæti ákærði Ólafur upptöku til ríkissjóðs á lóðavog, er nú er í vörslu lögreglu, merkt munaskrá nr. 731.

Ákærði X sæti upptöku til ríkissjóðs á kr. 30.000, sem nú eru í vörslum lögreglu, merktar munaskrá nr. 709, og jafnframt á ódagsettum ávísunum, nr. 3120198, að fjárhæð kr. 80.000, nr. 3184952, að fjárhæð kr. 80.000, og nr. 3184955, að fjárhæð kr. 100.000. Ávísanirnar eru allar á tékkareikning nr. 8570 á Sparisjóð vélstjóra og eru nú í vörslum lögreglu.

Ákærði Ólafur greiði skipuðum verjanda, Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 350.000 í réttargæslu- og málsvarnarlaun.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, kr. 350.000 í réttargæslu- og málsvarnarlaun.

Ákærði Y greiði skipuðum verjanda sínum, Ólafi Garðarssyni héraðsdómsslögmanni, kr. 200.000 í málsvarnarlaun.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt, þ.m.t. kr. 200.000 í saksóknarlaun í ríkissjóð.